

allt

GÍSLI PÉTUR HINRIKSSON:

Hjólar út um allt

• heilsa • brúðkaup
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



FRÆGA FÓLKID PITT OG JOLIE, CRUISE OG HOLMES

Ástin notuð í markaðsskyni

UNGT FÓLK 40 ▶



BÓKAÚTGÁFA HUGLEIKUR DAGSSON

Hættur að hefta bækur sjálfur

FÓLK 46 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. júní 2005 - 159. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is - Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Hæfi Halldórs

Halldór Ásgrímsson segist aldrei hafa hugleitt að skýra frá óbeinum eignatengslum sínum við S-hópinn í aðdraganda kaupa S-hópsins á Búnaðarbankanum.

BAKSVÍÐS 10

Ef alltaf eru jól verða aldrei jól

Inga Rósa Þórðardóttir segir nægjusemi og hófsemd vera hverfandi dyggðir á meðan græðgin og gegndarlaus neysluhyggja tröllríða samfélaginu.



UMRÆÐAN 12


Einstakur árangur hjá Gumma Ben

Guðmundur Benediktsson hefur lagt upp sex mörk í síðustu tveimur leikjum Vals í Landsbankadeildinni.



ÍPRÓTTIR 20

VEÐRIÐ Í DAG



SVALT Á NORÐURLANDI og fer að rigna suðaustanlands.

VEÐUR 4

Valgerður sögð bera alla ábyrgð

Ríkisendurskoðandi segir að Halldór Ásgrímsson hafi ekki verið vanhæfur til að fjalla um sölu Búnaðarbankans árið 2002 þrátt fyrir óbein eignatengsl við kaupendur bankans, S-hópinn. Ríkisendurskoðandi segir ábyrgðina á bankasölunni alfarið á höndum Valgerðar Sverrisdóttur, viðskiptaráðherra.

EINKAVÆÐING Ríkisendurskoðandi segir að Valgerður Sverrisdóttir sem viðskiptaráðherra beri alla ábyrgð á sölu Landsbankans og Búnaðarbankans sem átti sér stað árið 2002. Ábyrgðin varðandi sölu bankanna hvílir ekki á ráðherranefndinni heldur fagráðherra, í þessu tilfalli viðskiptaráðherra.

Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um hæfi Halldórs Ásgrímssonar til þess að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins árið 2002, sem Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kynnti á blaðamannafundi í gær.

Ríkisendurskoðandi segir að ráðherranefndin hafi ekki nægilega skýra stjórnslulega stöðu og að lögformleg staða bæði ráðherranefndar og framkvæmdanefndar um einkavæðingu sé óljós.

Hann segir enga ástæðu til að véfengja hæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra til þess að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum vegna óbeinna eignatengsla hans við S-hópinn sem keypti Búnaðarbankann. Hagsmunir Halldórs og skyldmenna hans hafi verið smávægilegir.

Á þessum tíma átti Halldór um 1,33 prósentu hlut í Skinney-Þinganesi, sem átti helmingshlut í Hesteyri sem var einn stærsti hluthafinn í Keri, sem var hluti af S-hópnum. Skyldmenni Halldórs áttu samtals um 25 prósentu hlut í Skinney-Þinganesi.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir það orka mjög tvímælis að ríkisendurskoðandi sé að úrskurða um hæfi Halldórs Ásgrímssonar. „Ríkisendurskoðandi segir sjálfur í skýrslunni að þarna sé um að ræða lögfræðilegt álitaefni sem löggjafinn hef-

ur alls ekki ætlað Ríkisendurskoðun að leysa úr. Fyrst að löggjafinn hefur alls ekki ætlað ríkisendurskoðanda að leysa úr þessu álitaefni, af hverju tekur hann þá það frumkvæði að gera það?“ spyr Ingibjörg Sólrún.

Hún segir að eðlilegt sé að aðrir aðilar en ríkisendurskoðandi, svo sem próffessorar í stjórnfarsrétti eða umboðsmaður Alþingis, úrskurði um mál sem þetta.

Ekki náðist í Valgerði Sverrisdóttur í gærkvöldi.

- sða

Sjá síður 2 og 10.



ÚR RÁÐHERRABÚSTAÐNUM Nokkra undrun vakti að til blaðamannafundarins í Ráðherrabústaðnum í gær var boðað með aðeins fjórutíu mínútna fyrirvara. Engu að síður létu fréttamenn sig ekki vanta til fundarins þar sem Halldór skýrði frá niðurstöðum ríkisendurskoðanda

Ný reikistjarna fundin:

Ekkert líf vegna hita

ALHEIMURINN Bandarískir stjórnfræðingar hafa fundið reikistjörnu sem er sú smæsta sem vitað er um utan okkar sólkerfis.


Massi plánetunnar er ríflega sjöfalt meiri en massi jarðarinnar en ólíkt þeim reikisstjörnum sem þegar hafa verið uppgötvaðar utan sólkerfis okkar sem allar eru úr gasi er þessi talin vera úr föstu efni.

Þessi stjarna, sem stjórnufræðingarnir við Kaliforníuháskóla kalla „ofur-jörð“, er á sporbaug um sólina Gliese 876 en hún er fimmtán ljósár frá jörðu, nærri stjórnumerkinu Vatnsberanum. Umferðartími hennar um Gliese 876 er aðeins tveir dagar. Hún er auk þess svo nálægt sólinni að yfirborðshiti hennar er á bilinu 200-400 gráður. Því er telja vísindamenn afar ólíklegt að nokkurt líf þrífist þar þrátt gerð hennar. Tvær gasstjörnur snúast auk þess um Gliese 876.

„Við höldum áfram að færa niður mörk þess greinanlega og þannig komumst við sífellt nær því að finna stjörnur sem eru á stærð við jörðina,“ segir Steven Vogts, einn vísindamanna. ■

Meðalrestur á tölublaði*

25-49 ára



FRÉTTABLAÐIÐ

Morgunblaðið

*Stk. fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2005.

Fjögurra mánaða löngum harðvítugum réttarhöldum lokið:

Michael Jackson er saklaus

SANTA MARIA, AP Michael Jackson var í gær sýknaður af öllum ákæratrjúðum um að hafa misnotað þrettán ára gamlan pilt á búgarði sínum snemma árs 2003.

Réttarhöldin yfir Michael Jackson hafa staðið yfir í fjóra mánuði. Kvíddómur kom saman í dómshúsinu í Santa Maria í Kaliforníu í síðustu viku og sat á rökstólum í alls þrjátíu klukkustundir.

Um þrjúleitið að staðartíma var svo dómurinn kveðinn upp. Kvíddómurinn sýknaði Jackson af öllum tíu ákæruatriðunum, þar á meðal því að hafa misnotað piltinn og að hafa gefið honum áfengi.

Söngvarinn hefur allaf neitað



DÝRKEYPTUR SIGUR Michael Jackson yfirgaf dómsalinn strax og dómurinn hafði verið kveðinn upp. Thomas Mesereau Jr., lögfræðingur hans, fylgdi í humátt á eftir.

öllum sakargiftum og talið ávirðingarnar vera settar fram í ágóðaskyni.

Jackson mætti nokkuð seint í dómsalinn enda dróst dómsuppkvaðningin nokkuð. Hann sýndi svo engin svipbrigði þegar dómurinn var kveðinn upp. Þegar popparinn kom út sendi hann fingurkossa til fjölmargra stuðningsmanna sinna sem komnir voru á vettvang.

Ríkti mikill fögnuður á meðal fólksins og meðal annars sleppti kona nokkur hvítu dúfu í hvert skipti sem sýknu Jackson var lýst yfir.

Jackson ávarpaði hins vegar ekki fólkíð heldur hélt samtundis á brott í svörtum jeppa ásamt fylgdarliði sínu. ■



SPURNING DAGSINS

Runólfur, eru ekki bara fjögurra stjórnu vegir á Íslandi?

Ætli sé ekki nær lagi að þeir séu með eina stjórnu

Unnið er að úttekt á þjóðvegum og verða þeim gefnar stjórnu, frá einni upp í fjórar, eftir öryggi. Runólfur Ólafsson er framkvæmdastjóri Félags íslenskra bílfréðingja.

Náttúruverndarsinnar mótmæltu álráðstefnu:

Skipuleggjendur kölluðu til lögreglu

MÓTMÆLI Mótmæli sem samtökin Náttúruvaktin stóðu fyrir fyrir utan Nordica hótél í gær vöktu litla hrifningu skipuleggjenda alþjóðlegrar álráðstefnu sem þar fer fram. Fór nærvera um tíu mótmælenda svo mjög fyrir brjósti á þeim að þess var krafist að lögregla yrði kölluð til.

Voru samtökin að mótmæla því að slík ráðstefna væri haldin hér á landi svo lítið beri á en þátttökendur á henni skipta tugum og eru allir helstu álfraleiðendur heims með

fulltrúa á staðnum. Er ætlunin að samræma framtíðarstefnu iðnaðarsins næstu ár og áratugi og voru mótmælendur mótfallnir því að Ísland væri í forgrunni slíkra hugmynda. Ennfremur er gagnrýnt að íslensk orkufyrirtæki á borð við Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur skyldu styrkja slíka ráðstefnu og voru meðal annars Rannveigu Rist, forstjóra Alcan í Straumsvík, formlega afhent mótmæli hópsins.

Ráðstefnunni verður framhaldið



ENGA FREKARI STÓRIÐJUFÉLAGAR í samtökunum Náttúruvaktin afhentu Rannveigu Rist mótmæli sín vegna alþjóðlegrar álráðstefnu sem hér er haldin þessa dagana. Mörg íslensk orkufyrirtæki styrkja ráðstefnuna sem sótt er af öllum stærstu álfraleiðendum heimsins.

Í dag en í morgun heldur hópurinn austur á land og er ætlunin að skoða þar Kárahnjúkavirkjun. -aðe

Þjóðhagsreikningar:

Mikill vöxtur einkaneyslu

EFNAHAGSMÁL Þjóðarútgjöld Íslandinga, sem eru samanlögð einkaneysla hér á landi og fjárfestingar, hafa vaxið um 11,1 prósent á fyrsta ársfjórðungi ársins miðað við sama tíma í fyrra þótt landsframléiðsla hafi ekki vaxið nema um 2,9 prósent á sama tíma. Útgjöldin hafa því aukist meira en tekjurnar.

Mestu munar um 17,7 prósentu aukningu á innflutningi á sama tíma og útlutningur hefur dregist saman um 3,0 prósent en hvort tveggja má rekja til hásgengis.

Þetta kemur fram í nýútgefnum Þjóðhagsreikningum Hagstofunnar. -grs

Rán framið í Olís Hamraborg:

Ógnaði með skrúfjárn

LÖGREGLUMÁL Úlpuklæddur maður framdi rán á bensínafgreiðslustöð Olís í Hamraborg í Kópavogi laust eftir klukkan fimm í gærdag. Ógnaði hann tveimur starfsmönnum stöðvarinnar með skrúfjárn áður en hann hvarf á brott með sölu dagsins.

Notaði maðurinn skrúfjárn til að opna sjóðsvélina þaðan sem hann tók allháa peningaupphæð. Hann hljóp svo á brott gegnum bílageymslu undir Hamraborg en þaðan eru fjölmargir útgangar.

Bar leit lögreglu engan árangur en rannsókn stendur yfir. Vonast er til að öryggismyndavélar í bensínstöðinni og í bílageymslunni komi að notum við að bera kennsl á manninn. -aðe

Umferðarslys:

Vörubíll ók á unga stúlku

LÖGREGLUMÁL Vörubíll var ekið á tíu ára stúlku á gatnamótum Kringlumýrar- og Miklubrautar laust eftir hádegisdag í gær.

Tók vörubílstjórinn hægri beygju á grænu ljósi á sama tíma og stúlkan fór yfir gangbraut og lenti hún undir afturhjólum bílsins. Telpa var flutt á slysideild Landspítala-Háskólasjúkrahúss en óttast var að hún hefði slasast mjög alvarlega. Til allrar hamingju reyndust meiðsl hennar minni en óttast var en hún slasaðist mest á læri. Var hún lögð inn á sjúkrahúsið þar sem fylgst verður með henni næstu vikurnar. -aðe

BANDARÍKIN

FLUTNINGAVÉL FERST Flugvél af gerðinni DC-3 fórst skammt frá Fort Lauderdale í Flórída í gærkvöld. Þrír voru um borð og er óttast að allir hafi farist.

Fjárlaganefnd fjallar ekki frekar um málið

Pingmaður stjórnarandstöðunnar segir að niðurstaða ríkisendurskoðunar sé upphaf frekar en endir. Formaður fjárlaganefndar segir málið ekki verða á dagskrá nefndarinnar í dag.

EINKAVÆÐING Formaður fjárlaganefndar ætlar ekki að taka skýrslu ríkisendurskoðunar um hæfi forsætisráðherra til umræðu á fundi nefndarinnar á morgun. Stjórnarandstaðan segir skjóta skökku við að forsætisráðherra hafi kynnt skýrsluna sjálfur.

„Þetta mál er ekki á dagskrá á fundi fjárlaganefndar því við erum að ræða allt aðra hluti,“ segir Magnús Stefánsson, formaður fjárlaganefndar, aðspurður um hvort niðurstaða ríkisendurskoðunar um hæfi forsætisráðherra verði á dagskrá nefndarinnar á fundi í dag.

Magnús segir ekkert ljóst hvort málið verði tekið upp á seinni stigum. „Ég hef aldrei efast um hæfi Halldórs í þessu máli. Þetta sjónarspil stjórnarandstöðunnar eru skot út í loftið og alls ekki við hæfi.“

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir að honum komi niðurstaðan á óvart og að hann telji nauðsynlegt að fá lagalegt álit vegna málsins. „Ég hélt að sú skylda sem lögð var á menn samkvæmt stjórnsýslulögum væri þannig að menn ættu að segja sig frá málum þar sem um vensl eða hagsmuni væri að ræða. Ég er ekki búinn að kyngja því að Halldór hafi ekki verið vanhæfur og þetta mál þarf að skoða betur,“ segir Guðjón.

Lúðvík Bergvinsson, pingmaður Samfylkingar, segir að honum finnst óþagot að boða til fundar með hálf tíma fyrirvara. „Það bendir ekki til mikillar yfirvegunar. Í öðru lagi þá kemur fram í áliti ríkisendurskoðunar að það sé



EKKI VANHÆFUR Stjórnarandstaðan sættir sig ekki við álit Ríkisendurskoðunar en stjórnarliðar fagna niðurstöðunni.

ekki hennar hlutverk að fjalla um lögfræðileg álitæfni og sú spurning vaknar hvers vegna hún var þá að taka málið upp að eigin frumkvæði. Í þriðja lagi finnst mér einkennilegt að sá sem rannsóknin beinist að er látinn kynna skýrsluna.“

Ögmundur Jónasson, pingflokksformaður Vinstri-grænna, segir það með ólíkindum að forsætisráðherra lesi upp fyrir fréttamenn valda kafla úr skýrslu um meinta spillingu sína sem

saminn er af eftirlitisaðila Alþingis. „Í mínum eyrum hljómar þetta frekar sem upphaf en endir.“

Einar Oddur Kristjánsson, pingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir athuginina án alls samráðs við fjárlaganefnd. „Þetta er að frumkvæði ríkisendurskoðunar og okkur algjörlega óviðkomandi. Ríkisendurskoðandi var á fundi okkar að kynna ákveðin atriði í skýrslu sinni um einkavæðingarferlið en ekki neitt hvað þetta varðar.“ hjalmar@frettabladid.is



VERKSUMMERKI RANNSÖKUD Lögreglan hefur enn ekki borið kennsl á þann sem keyrði pallbíll hlaðinn sprengiefni sem grandaði fimmtán og særði um sextíu til viðbótar.

15 farast í tilræði:

Óvíst hver er ábyrgur

INDLAND, AP Fimmtán létust og sextíu særðust í sjálfsmorðs-sprengjuárás í Kasmír í gær. Á meðal þeirra sem létust var fjórðán ára gamall piltur. Enginn hefur lýst ábyrgð á hendur sér.

Pallbíll, sem hlaðinn var fjórtíu kílóum af sprengiefni, var ekið í gegnum bæinn og hann svo sprengdur í loft upp. Skömmu eftir sprenginguna þustu íbúar úr nálægum húsum út á götu og brást lögreglan við með því að beita tárágasi.

Samtök sem styðja Pakistan í deilunni um Kasmír hafa lýst yfir allsherjarverkfalli í dag til að mótmæla sprengjuárásinni.

66 þúsund manns eru taldir hafa týnt lífi í átökum um Kasmír á síðustu áratugum. ■

EVROPA

NAKID HJÓLAFÓLK Hundruð nakinna mótmælenda hjóluðu um götur ýmissa stórborga Evrópu nú um helgina til að mótmæla því hversu háðir Vesturlandabúar eru bensínþyrstum bílum. Mótmælendurnir hjóluðu hjá helstu merkisstöðum borganna og vöktu óskipta athygli hvar sem þeir komu. Hægt er að skoða myndir af þessari sérstöku baráttuaðferð á vefsíðunni worldnakedbikeride.org.

Myndband birt af Saddam Hussein:

Vill að réttað verði yfir sér í Svíþjóð

BAGDAD, AP Myndband þar sem Saddam Hussein sést í yfirheyrslum hefur nú verið gefið út af dómstólum sem var sérstaklega skipaður til að fjalla um mál hans.

Í myndbandinu sést hvar Saddam er spurður út í vöðverk á borð við Anfal-fjöldamorðin á Kúrdum. Ekki hefur enn verið gefið upp hvar eða hvenær upptakan er gerð en þetta er í fyrsta skipti sem Saddam sést síðan hann kom fyrir réttinn í fyrsta sinn síðastliðið sumar.

Lögmaður Saddams hefur lýst því yfir að einræðisherrann fyrrverandi vilji að réttað verði yfir honum í Svíþjóð og bætti því við að samkvæmt írösku stjórnarskránni væri Saddam friðhelgur fyrir hvers kyns ákærum. Aðspurður um ástæðurnar fyrir því af hverju Svíþjóð væri fyrsti kostur sagði lögmaðurinn að aðstæður væru slíkar í Írak að ekki væri hægt að



SADDAM HUSSEIN VIÐ YFIRHEYRSLUR Myndband þar sem Saddam Hussein er yfirheyrður hefur nú verið gefið út af réttinum sem skipaður var til að fjalla um mál hans. Myndin er tekin úr því myndbandi.

búast við sanngjörnum réttarhöldum, líklegra væri að Saddam fengi sanngjarna málsmeðferð í Svíþjóð.

Ákæratriðin gegn Saddam eru fjölmörg, þar á meðal morð á póli-

tískum andstæðingum, efnavopnarárásir á Kúrda og innrás í Kúveit og spá flestir stjórnmalaskýrendur því að hann verði dæmdur til dauða. ■

Verslaðu við traustan aðila!

Ægisskygginn

-sérhönnuð fyrir íslenska veðráttu

ÆGIS skygginn

- íslensk gæðaframleiðsla • viðhaldsfritt efni • endalausir möguleikar
- góð og traust þjónusta • stuttur afgangslustur

OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is



4,15% Íbúðalán SPRON öllum opin

Við afnemunum skilyrði um önnur bankaviðskipti

Viltu endurfjármagna?

- Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hentar vel til endurfjármögnunar á eldri lánum.

Ertu að kaupa íbúð?

- Þú getur sótt um Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hjá SPRON.
- Einnig bjóðum við samsett Íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs á www.ibudalan.is – 4,15% vextir.

Þeir sem eru í fjölskylduþjónustu SPRON fá endurgreiðslu á hluta af greiddum vöxtum vegna Íbúðalána SPRON.

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á www.spron.is

 **spron**
– fyrir allt sem þú ert

GSM

HEIMASÍMI

INTERNET

Ég hringi heim til allra,
ég næ Kalla í gemsanum
og hringi til Binnu í Köben.
Allt þetta á 0 kr.

0 kr.

innanlands á milli heimasíma

500 mínútur á mánuði í alla heimasíma innanlands.

0 kr.

vinur í útlöndum

120 mínútur á mánuði úr heimasíma á Íslandi í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

0 kr.

í GSM vin

Þú heldur áfram að að tala við **GSM vin** fyrir **0 kr. í 60 mínútur** á dag.

Mánaðargjald í **Heimasíma** er 1.340 kr.

Og1 lækkar verulega kostnað heimila sem eru með GSM áskrift, Heimasíma og Internet hjá Og Vodafone.

Kynntu þér einnig ávinninginn fyrir GSM og Internet.

Og1



Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á www.ogvodafone.is fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

Heyrumst!



KJÖRKASSINN

Átt þú kött sem er ómerktur?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](#)

Já	12%
Nei	88%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er nauðsynlegt að breyta stjórnarskránni?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Orkuöflun fyrir álver á Norð-Austurlandi:

Þeistareykir semja við Landsvirkjun


JARÐORKA Stjórn Þeistareykja hefur ákveðið að ganga til viðræðna við Landsvirkjun um orkuöflun fyrir álver á Norð-Austurlandi. Bæði Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur höfðu lýst yfir áhuga á að eignast hlut í Þeistareykjum ehf. en Hreinn Hjartarson, veitustjóri Orkuveitu Húsavíkur, segir að Landsvirkjun hafi orðið fyrir valinu þar sem aðkoma Landsvirkjunar að frekari orkuöflun í Þingeyjarsýslum auki lýkur á nýju álveri á Norð-Austurlandi.

Hreinn segir að Þeistareykjavirkun muni geta annað um þriðjungi af orkuþörf nýs álvers í nágrenni Húsavíkur. „Það verður hins vegar ekki ráðist í Þeistareykjavirkjun nema til komi álver eða önnur stóriðja á Norð-Austurlandi. Þeistareykir ehf. hafa nú þegar lagt nokkur hundruð milljónir króna til rannsókna á svæðinu en með aðkomu Landsvirkjunar að málinu verður frekari rannsókn á Þeistareykjum flýtt,“ segir Hreinn.

- kk



BORHOLA Á ÞEISTAREYKJUM Stærstu eíendur Þeistareykja eru Orkuveita Húsavíkur og Norðurorka og á hvor aðili 47 prósent hlut. Þingeyjarsveit á um fimm prósent og Aðaldælahreppur um eitt prósent.



Hringróður – dagur 9:

Gengur vel

HRINGRÓÐURINN Kjartani Hauksyni miðaði ágætlega í sjóferð sinni um helgina. Hann lagði af stað frá Reykjavíri á föstudaginn og fór þá í einni lotu fram að Kaldbaksvík. Á sunnudaginn reri hann yfir Húnaflóann. Í gær reri hann frá Skagaströnd en þá sóttist honum ferðin hægt vegna mótinds. ■



FAGNAÐARFUNDIR Í FRAKKLANDI Jacques Chirac Frakklandsforseti tók á móti Aubenas með kossi í Villacoublay í Vestur-Frakklandi.

Aubenas sleppt:

Laus úr 157 daga þrúnd

FRAKKLAND Franska blaðakonan Florence Aubenas kom heim til Frakklands um helgina eftir fimm mánaða gíslingu í Írak. Með henni í haldi í Írak var aðstoðarmaður hennar.

Aubenas var alls 157 daga í gíslingu en fyrrum utanríkisráðherra, Michel Barnier, sem vann í málinu þangað til fyrir mánuði, sagði að Frakkar hefðu ekki greitt neitt lausnargjald fyrir blaðakonuna.

Ekki hafa verið borið kennsl á mannræningjana en rúmenskur blaðamaður, Ovidiu Ohanesian, sem var haldið í gíslingu í tvo mánuði í landinu en síðan sleppt, varpaði ljósi á málið. Honum var haldið í gíslingu í 51 dag í klfanum við hliðina á Aubenas. - lk

Sexmenningar í fangelsi

Sex sakborningar af sjö voru dæmdir í fangelsi fyrir þátttöku sína í kaupum og innflutningi á kókaíni og e-töflum í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Söluverðmæti efnanna er talið vel yfir þrjár milljónir króna.

DÓMSMÁL Sex voru dæmdir í fangelsi vegna fíkniefnasmygls frá Rotterdam í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Dómarnir voru frá hálfu og upp í tvö ár hver. Ung kona var hins vegar sýknuð af ákæru um að hafa mótttekið ágóða af fíkniefnabroti.

Dómana hlaut fólkið vegna aðildar sinnar að innflutningi á 130 grömmum af kókaíni og um þúsund stykkjum af e-töflum. Dómarnir teljast allir nokkuð þungir dóma miðað við það sem gengur og gerist í málum sem þessum. Söluandvirði fíkniefnanna hér á landi hefði numið vel yfir þremur milljónum króna.

Karl Filip Geirsson og Vilhjálmur Vilhjálmsson fengu þyngstu dómana, alls tvö ár hvor. Karl Filip var fundinn sekur um að hafa við annan mann staðið fyrir kaupum á efnunum og lagt á ráðin um innflutninginn en hann hefur margoft komist í kast við lögín áður vegna margvíslegra brota. Sama gildir um Vilhjálmen hans þáttur var að mestu bundinn við að fjármagna fíkniefnakaupin og hugðist hann hagnast á sölu efnanna hér á landi.

Aðrir sem að málinu komu fengu aðeins vægari dóma. Pétur Steinþór Gunnarsson var dæmdur til tæplega tveggja ára fangelsis



FUNDIN SEK Fangelsisdómar bíða sex sakborninga af þeim sjö sem ákærð voru fyrir aðild að kaupum og innflutningi á fíkniefnum snemma á síðasta ári. Aætlan fólksins var að flytja inn lítið magn kókaíns en þegar til kom var þúsund e-töflum bætt við sendinguna.

en hann lagði að hluta á ráðin um innflutninginn ásamt Karli ásamt því að hafa milligöngu um að útvega efnin gegnum erlendan félagasinn frá Marokkó, L'Houcine Bouhlali, sem einnig hlaut 12 mánaða dóm fyrir sinn þátt. Fékk hann umrædd efni gegnum sam-

bönd sín í Rotterdam þar sem kaupin voru upphaflega gerð.

Friðrik Þór Bjarnason hlaut átján mánaða dóm fyrir sína aðild sem fyrst og fremst fólst í að fjármagna kaupin í samvinnu við Vilhjálmen. Rebekka Jóhannsdóttir var dæmd til sex mánaða fangels-

isvistar, skilorðsbundið, fyrir að hafa haft milligöngu um að sækja efnin á pósthúsið og koma þeim til skila. Þá var ung kona sýknuð af að hafa þegið fé frá Bouhlali sem hún hafði vitneskju um að væri ágóði af fíkniefnasölu.

albert@frettabladid.is

Einstakt tilboð!

Þjóðhátíðardagshelgi á Hótel Örk



Daganna 16. - 19. júní

Í tilefni Þjóðhátíðardagsins 17. júní veitum við Íslendingum og öðrum gestum tækifæri á að gera vel við sig og sína.

Frí gisting í tvíbýli á Hótel Örk ef keyptur er þriggja rétta þemakvöldverður hússins. Verð kvöldverðar einungis 4.900,- krónur á mann. Fjör fram eftir nóttu í Hveragerði fimmtudag, föstudag og laugardag

Pantanir í síma:
483 4700
info@hotel-ork.is
www.hotel-ork.is

HÓTEL ÖRK



Veljum íslenskt!
Tómas Þóróddsson og Jakob V. Arnarson matreiðslumenn á Hótel Örk hafa sett saman matseðil fyrir þjóðhátíðardagshelgina með úrvals íslensku hráefni.



STUÐNINGSMÁÐUR AOUN Michel Aoun snéri aftur úr fjórtán ára langri útlegð fyrir um fimm vikum síðan og hefur á stuttum tíma hleypt miklu lífi í líbónsk stjórnmál.

Næstsíðasti dagur þingkosninga í Líbanon:

Michel Aoun kom, sá og sigraði

LÍBANON, AP Þriðja og næstsíðasta umferð þingkosninganna í Líbanon var haldin í fyrradag. Flokkur maroníta og sjáa vegnaði ágætlega en kosið var í austur- og miðhluta landsins. Flokkur sem börðust gegn áhrifum Sýrlandsstjórnar eru með sterk ítök á þessu landsvæði en fyrirfram var búist við því að þeir færu með öruggan sigur af hólmi.

Helst bar til tíðinda gott gengi flokks Michels Aoun, eins forsvaramanna kristinna maroníta og fyrrum byltingarleiðtoga en hann snéri aftur úr útlegð fyrir stuttu.

Michel Aoun barðist á sínum tíma gegn áhrifum Sýrlandinga og ber kosningabarátta hans þess

mjög merki nú. Flokkur hans er þó ekki í bandalagi við and-sýrlandska flokka súnna. Sökum þess hve fylgið dreifðist á þá heldur núverandi stjórn meirihluta sínum í þessum hluta landsins. Flokkur Aouns náði fjórtán þingsætum sem telst sigur þar á bæ en helsta baráttumál hans var að berjast gegn spillingu.

Í Beqa-dalnum fékk framboð Hizbollah og Amal yfirburðakosningu og jók þar með enn við þingsætufjölda sinn. Framboðið er heldur hlynt Sýrlandingum þannig að ljóst er að andstæður eru að skerpast í landinu.

Fjórði og síðasti dagur kosninganna er næstkomandi sunnudag. ■

Ný samtök gegn álveri:

Atvinnulífið einhæft

BYGGÐAMÁL Samtök um fjölbreytta atvinnuuppbyggingu í Eyjafirðinum voru stofnuð á fjölmönnum fundi á Akureyri þann 28. maí síðastliðinn. Þau vara eindregið við þeirri stefnu stjórnvalda að gera atvinnulíf þjóðarinnar einhæfara með enn einu álverinu, hugsanlega við Eyjafjörð. Auk einhæfni telja þau álver leiða til landsþjalla og loftmengunar.

Í stað álvers vilja samtökin stuðla að fjölbreytni í atvinnumálum með áherslu á nýsköpun, þekkingariðnaði og hátækniðnaði. ■

NOREGUR

HANDTEKIN VEGNA HEIDURSMORÐS Gefin hefur verið út handtökuskipun á móður Rahila Iqbal, norskrar konu af pakistönsku bergi brotnu, en hún lést í dularfullu bílslysi í Pakistan á dögunum. Faðir hennar og afi stíja í fangelsi í Pakistan og bíða dóms fyrir meint heidursmorð á stúlkunni. Faðirinn hlaut dóm í Noregi árið 2001 fyrir líkamsárás á unnusta annarrar dóttur sinnar.

ÁTÖK Í DRAMMEN Mikil slagsmál brutust út í bænum Drammen á sunnudagskvöld. Allt að 150 manns eru sagðir hafa tekið þátt í áflogunum. Þurfti að flytja konu á sjúkrahús í kjölfarið en sex manns voru færðir í fangageymslur lögreglunnar.



Pú færð 100 þúsund króna afslátt af verði bílsins.

■ Citroën Berlingo Van - 1.4 l (bensín) 75 hestöfl* með vsk. án vsk.		
Verð	1.419.000 kr.	1.139.740 kr.
Afsláttarverð	1.319.000 kr.	1.059.000 kr.
Rekstrarleiga	24.888 kr.	19.990 kr.
■ Citroën Berlingo Van - 2.0 Hdi (dísil) 90 hestöfl* með vsk. án vsk.		
Verð	1.589.000 kr.	1.276.300 kr.
Afsláttarverð	1.489.000 kr.	1.196.000 kr.
Rekstrarleiga	28.000 kr.	22.490 kr.

Enn meira fyrir enn minna

Einstakt rekstrarleigutilboð meðan birgðir endast. Akstur allt að 75 þúsund km á þriggja ára tímabili. Meiri útbúnaður í bíl en áður. Meiri en hjá keppinautunum. Allt innifalið - ekkert vesen. Lægra leiguverð en áður. Hámarkaðu hagkvæmnina. Komdu í Brimborg.

► Ný lög um oliugjald - Öflugasta dísilvélin, hlægileg eyðsla

Það styttest í gildistöku laga um oliugjald. Dísilbilar eru nú mun álitlegri kostur fyrir þig en áður. Nú færð þú nýja og öflugri dísilvél - þá öflugustu í sínum flokki sendibíla: 90 hestöfl og 205 Nm tog. Þrátt fyrir mikið afl er eyðslan einungis 5,7 l/100km í blönduðum akstri. Að sjálfsgöðu bjóðum við Berlingo einnig með öflugum bensínvéllum.

► Galopið flutningsrými - ótrúleg burðargeta

Citroën Berlingo Van er með sex hurðum: tveimur á hvorri hlið og tveimur að aftan. Auk þess er Berlingo Van með góðum opnanlegum hlera á þaki, sem allir rekstraraðilar elska! Fáir eða enginn bíll stenst Citroën Berlingo Van snúning þegar kemur að notagildi fyrir rekstraraðila því auk þess sem unnt er að galopna þrjú þúsund lítra flutningsrýmið er burðargetan hvorki meira né minna en 800 kg. Tvær ferðir verða að einni. Það er staðreynd! Að sjálfsgöðu er Berlingo Van með ABS hemla.

► Einstakt vinnuumhverfi

Þú verður líka að hafa það gott! Þess vegna finnur þú vart betra vinnuumhverfi en í Berlingo Van: Þú opnar með fjarstýringunni, sest inn í hátt og breitt upphitanlegt sætið, setur rétta geisladiskinn í fjarstýranleg hljómtækin, fellir fram bakið á sætinu við hliðina, sem verður að vinnuborði, og leggur frá þér kaffibollann eða fartölvuna. Mörg geymsluhólf. Þú setur pappírana t.d. í hólfið fyrir ofan þig. Að sjálfsgöðu eru rúðurnar og útspeglarnir rafdrifnir. Stýrið er létt og með hraðþyngingu.

► Takmarkað magn bíla

Brimborg hefur vart haft undan við afhendingu nýrra Citroën Berlingo Van til ánægðra rekstraraðila. Þess vegna er lager okkar takmarkaður og tilboðið, sem við gerum þér núna, er háð þeim takmörkunum. Hafðu strax samband við söluráðgjafa Brimborgar og kynntu þér á hvern hátt Berlingo Van getur skipt máli fyrir rekstur þinn. Festu þér frábæran vinnubíl á einstöku tilboði. Vertu hagkvæmur og í fremstu röð. Komdu í Brimborg!

► Við kaupum af þér gamla bílinn: Staðgreitt!**

Við staðgreiðum** þann bíl sem þú vilt losna við ef þú leigir eða kaupir nýjan Citroën Berlingo. Þú getur notað peninginn til að greiða upp gamalt lán, nýtir hann í reksturinn eða lækkar mánaðargreiðslurnar enn frekar. Taktu Berlingo tilboðinu sem bara gildir til 30. júní. Ræddu við söluráðgjafa um hvernig Berlingo getur hjálpað þér í rekstrinum.

► Gæði Citroën eru staðreynd

Í sjö ár hefur Citroën táknað gæði. Ástæðan er að Frakkarnir tóku sig á við framleiðslu bíla. Aftur þekja þeir orðið gæði og framleiða m.a. Yaris fyrir japanska bílaframleiðandann Toyota. Róttæk gæðastefna Citroën hefur borið árangur. Citroën vex hraðar en önnur frönsk bílamerki á Íslandi en franskir bílar auka stöðugt hlut sinn á íslenska markaðnum. Nú eru yfir fjögurhundruð Berlingo bílar í stöðugri notkun hjá íslenskum fyrirtækjum og iðnaðarmönnum. Þú vilt gæði og þægilega vinnuástöðu a la frans. Veldu Citroën Berlingo - við tökum ábyrgðina.




Citroën Berlingo

► Þú færð meira fyrir minna í Berlingo.

- Topplúga með fellanlegri þversta
- Burðargeta 800 Kg
- Þrjúþúsund lítra galopnanlegt flutningsrými
- Fellanlegt farþegasæti með borði og geymslurými
- Hiti í sætum
- Fjarstýrd samlæsing
- Fjarstýrd hljómtæki með geislaspilara
- Rafknúinir speglar
- Rafknúin rúður
- Há sætisstaða, gott útsýni
- Breið og þægileg sæti, góð hvíld
- Hilla fyrir ofan bílstjóra
- Fjöldi geymsluhóffa
- Hleðsluhurð á hvorri hlið
- 180° opnun á tvöfaldrí afturhurð
- Létt rafstýrt stýri með hraðþyngingu

Sífeltri fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðuðu sölumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjaneshæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is

* Smur- og þjónustueffiritt samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 25.000 km. akstur á ári. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 37 mánuði. Kaupverð og leiga eru háð gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. **45 dögum eftir að þú færð nýja bílinn.





VEISTU SVARID?

1 Hvað heitir skip Eimskipafélagsins sem lagði að við Grundartanga með ammoníaklekan gám í gær?

2 Hvar fann Sólborg ÞH 270 tundurfluglunum hádegisbil á sunnudaginn?

3 Hvað tafdist lengi Flugleiðavélin sem fljúga átti til San Francisco á laugardaginn?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Purrkar um land allt valda vandræðum:

Rignir líklega um helgina

LANDBÚNAÐUR Þó að margir fagni regnleysinu þá eru purrkar farnir að valda vandræðum í landbúnaði um allt land. Ólafur Dýrmundsson, ráðgjafi hjá Bændasamtökunum, segir að ef ekki fari fljótlega að rigna þá gæti það valdið skaða í úthaga og ekki síður á túnnum. Beitt hafi verið á tún nú í vor því úthagar voru ekki tilbúnir og því valdi keðjuverkun því að heyskap muni mjög líklega seinka ef fram heldur sem horfir. Ólafur segir lítið um að menn vökví hjá sér túnin, slíkt sé alltaf erfitt og ómarkvisst.

Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir nú sennilega ekki stefna í neitt purrka-

met, purrkametið í Reykjavík til dæmis sé þrjátíu dagar. Hann segir að útlit sé fyrir einhverja rigningu austanlands í dag, sennilega verði þurr á morgun en svo fari líklega að rigna eitthvað um land allt fyrir og um helgina og þá geti bændur tekið gleði sína á ný.

Sóldýrkendur hafa nú fengið ýmislegt fyrir sinn snúd undanfarið og þá er að una bændunum þess að það rigni smávægis.

KINDUR Í HAGA Gert er ráð fyrir því að það rigni um land allt næstu helgi. Bændur sem hafa haft áhyggjur af langvarandi þurrkum geta þá tekið gleði sína á ný en búast má við því að heyskap seinki víða.



Eldur í íbúð:

Engan sakaði

ELÐUR Eldur kviknaði í viftu í eldhúsi í íbúð á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi í Vesturbergi 138 í Breiðholti um miðjan dag á sunnudag. Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út en helmingurinn var kallaður aftur í höfuðstöðvar slökkviliðs þar sem ekki var um mikinn eld að ræða.

Slökkviliðið náði að slökkva eldinn fljótt og örugglega. Töluverður reykur var í íbúðinni og voru sjö íbúar fluttir á Landspítala – háskólasjúkrahús vegna þeirra slasaðist alvarlega. Ekki er ljóst hve miklar skemmdir urðu á íbúðinni, en þó ljóst að reykskemmdir hafa verið einhverjar.

- lk

Komið í veg fyrir leka

Ekkert frekara tjón varð vegna ammóníaksleka í Lagarfossi þegar skipið lagðist að bryggju við Grundartanga í gær. Eiturefnaköfurum tókst að koma í veg fyrir lekann og aðgerðir tókust í alla staði vel.

EITUREFNI Fjölmennit lið slökkviliðs og lögreglu var í viðbragðsstöðu þegar Lagarfoss, leiguskip Eimskipafélagsins, lagðist að bryggju við Grundartanga í gærmorgun. Komið hafði verið fyrir leka í ammóníaksgámi, sem upp hafði komið þegar skipið var undan ströndum Skotlands, en slökkvilið hafði viðbúnað við höfnina þegar skipið bar að til að tryggja að frekari leki úr gámnum kæmi



FJÖLMENNI Í VIÐBRAGÐSSTÖÐU Fjölmennit lið slökkviliðs og lögreglu auk annarra var í viðbragðsstöðu við Grundartangahöfn.

ekki fram þegar hann yrði affermdur. Ákveðið var að afferma gáminn við Grundartangahöfn þar sem búist var við hagstæðri vindátt á Grundartanga.

Skipið kom að bryggju um klukkan tíu og fljótlega var farið að afferma aðra gáma en þann þar sem lekans hafði orðið var.

Um tíu eiturefnakafarar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins voru í viðbragðsstöðu. Þegar gámnum hafði verið komið fyrir á öruggu og afgirtu svæði hófu eiturefnakafararnir að afferma gáminn og skiptust þeir á tveir og tveir í einu þar sem um erfitt og vandasamt verk var að ræða. Alls voru fimm stórir ammóníakskútar í gámnum og fljótlega var ljóst að einn þeirra lak. Þegar ljóst var hver þeirra það var, var sá kútur fluttur á sérstakt svæði þar sem



LAGARFOSS HELDUR ÚR HÖFN Eiturefnakafarar komu kútnum sem lak fyrir á öruggu svæði. Á meðan hélt Lagarfoss úr höfn og sigldi brott út Hvalfjörðinn.

komið var fyrir lekann en kúturn mun hafa lekið út frá lokunarbúnaði kútsins.

Birgir Finnsson, sviðsstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins sem stjórnaði starfi á vettvangi, sagði að aðgerðin hefði heppnast vel í alla staði. Viðbúnaður af því tagi sem var við höfnina hafi ver-

ið mikill þar sem gæta þurfi fyllsta öryggis þegar um eiturefni af því tagi sem um ræðir er til staðar.

Aðgerðum slökkviliðs var lokið upp úr hádegi en Lagarfoss sigldi fljótlega af stað til annarra verkefna eftir að hafa affermt gáminn.

hjalmar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN Á BIFRÖST Aðsókn í nýju námsleiðina HHS hefur farið fram úr björtustu vonum. Bifröst er fyrsti íslenski háskólinn sem býður upp á námsleiðina.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst:

Mikil aðsókn í nýtt nám

SKÓLAMÁL „Aðsóknin í nýju námsleiðina hefur verið framar björtustu vonum. Það eru tveir til þrjár um hvert pláss. Við tókum 45 nemendur inn á námsbrautina og af þeim eru svona 15 til 20 úr frumgreinadeildinni hjá okkur en þeir fá sjálfkrafa pláss við námsleiðina,“ segir Magnús Árni Magnússon, deildarforseti viðskipta- og hagfræðideildar, um nýja námsleið HHS sem boðið er upp á við skólann í fyrsta skipti núna í haust. Á námsleiðinni er tvinnuð saman heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði.

-ifv

HÉRAÐSDÓMUR

MARGDÆMDUR AFTUR Í STEININN 29 ára maður var fyrir helgi dæmdur í hálfis árs fangelsi fyrir fíkniefnabrot, þjófnað og umboðssvik í Héraðsdómi Reykjanes. Þá braust maðurinn sem á langan brotaferil að baki, inn í bifreið og stal úr henni.

Hvað er ammóníak?

EITUREFNI Ammóníak er litlaus lofttegund sem lyktar afar illa og er mikið notað sem kæliefni hér á landi, meðal annars í frystihúsum. Efnið er einnig mikið notað við ýmiss konar iðnaðarframleiðslu, til dæmis við áburðarframleiðslu og einnig við framleiðslu á sóltum sem notuð eru í iðnaði í ýmsum tilgangi. Um getur verið að ræða framleiðslu á gerviefnum, svo sem nælóni en einnig er efnið mikið notað til að framleiða hreingerningavörur.

-hb

„Þessa bók er hægt að lesa sér til mikillar ánægju eingöngu textans vegna. Sá lestur laðar fram mörg bros og líka vangaveitur. Frábær bók.“

Ólafur Örn Haraldsson
útivistargarpur

JPRV ÚTGÁFA



VEFSÍÐA OPNUÐ Björn Bjarnason, ráðherra, opnaði formlega nýja vefsíðu Félags fasteignasala

Upplýsingaveita um fasteignaviðskipti:

Ný vefsíða tekin í notkun

FASTEIGNIR Síðastliðinn föstudag var opnuð ný heimasíða Félags fasteignasala á slóðinni ff.is. Á síðunni eru upplýsingar annars vegar til þeirra sem hyggja á kaup fasteignar og á hinn bóginn til þeirra sem ætla sér að selja fasteign sína. „Reynt er að skýra út ferli viðskiptanna lið fyrir lið og hvað það er helst sem neytendur þurfi að hafa í huga,“ segir Grétar Jónasson, formaður Félags fasteignasala. Upplýsingar á síðunni eru aðgengilegar og auðveldar í notkun en í hverri viku munu birtast nýjar fréttir á forsiðu vefsins af fasteignamarkað-

inum, bæði fróðleikur og fréttir á léttum nótum.

„Þá er einnig fjallað um það hvaða kröfur megi gera til fasteignasala í gegnum allt ferli viðskiptanna en mikilvægt er fyrir neytendur að átta sig á þeim miklu skyldum og þeirri ábyrgð sem á fasteignasöllum hvíla,“ segir Grétar.

Á heimasíðunni er búið að setja upp orðabók þannig að fólk geti átt að sig á þýðingu ýmissa orða sem koma fyrir í fasteignaviðskiptum og þar er einnig listi yfir alla fasteignasala og fasteignasölur auk ýmissa gagnlegra upplýsinga.

Slóð heimsíðunnar er ff.is.

Hljómfagur flutningur



Verzlunarsvið Ormsson er nú í tvennu lagi:

Á gamla staðnum í Lágmúla eru nú sem áður öll eldhústækin og innréttingar, ásamt þvottavélum og þurrkurum, meðan hljómtækja- og skrifstofutækjadeildin er búin að hreiðra um sig í **Síðumúla 9**, þar sem Mál og Menning var til margra ára og Bílanaust þar á undan. Þetta þýðir að nú fer betur um menn og tæki og **Pioneer, Sharp, Samsung, Olympus, Nikon, Nintendo, Jamo, Loewe** og öll hin gæðamerki Ormsson njóta sín nú sem aldrei fyrr og þjónustan sömuleiðis. Sama má segja um **AEG, HTH** innréttingar og önnur merki í Lágmúlanum.

Hljómtækja- og skrifstofutækjadeild ORMSSON flytur í Síðumúla 9

Pioneer



PIONEER
Plasma veggsgjónvarp

- Skjá stærð 43 tommur
- Skjá hlutfall 16:9 lóðrétt
- Litir 16.8 milljón (24 bita)
- Sjónsvið 160°
- Tengimöguleikar RGB, XGA, S-XGA, U-XGA og HDMI
- Litakerfi NTSC/PAL/SECAM

Verð:
Kr. 599.900



SAMSUNG
LE26A41 og LE32A41
LCD SJÓNVARP

Tilboðsverð:
26" Kr. 129.900
Áður: ~~Kr. 149.900~~

Tilboðsverð:
32" Kr. 199.990



SAMSUNG
LW15M23C og LW20M23C
LCD SJÓNVARP

Tilboðsverð:
15" Kr. 49.990
Áður: ~~Kr. 69.990~~

Tilboðsverð:
20" Kr. 79.990
Áður: ~~Kr. 99.990~~

KOMIÐ OG HLUSTIÐ Á HLJÓMTÆKI TENGD OG SÝND Í HEIMABIÓBÁSUNUM OKKAR!

LOEWE.




LOEWE Xelos A-42

- Plasma skjár.
- Skjástærð 42" / 106 cm
- Birta 1000cd/M2 - Skerpa 3000:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1024:1024 dýlar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Fáanlegt Svart eða Grátt

Verð:
Kr. 469.900

Heimsmarkaðshlutdeild í LCD veggsgjónvörpum:

Skv. úttekt TIME magazine



Landsins besta úrval af veggsgjónvörpum. Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.

FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA

LOEWE.

LOEWE Xelos SL-32

- Svartur HD-TFT LCD Skjár.
- Skjástærð 32" / 80 cm
- Birta 450cd/M2 - Skerpa 800:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1366:768 dýlar
- Textavarp m/ 3500 síðna minni
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

Verð:
Kr. 299.900



Framúrskarandi faxtæki fyrir fjölskyldur og fyrirtæki

SHARP.

SHARP UX-P410

- Faxtæki/sími
- 448Kb móttöku minni (24bls)

Tilboðsverð
kr. 12.900 m/vsk



Pioneer

Frí ísetning!



PIONEER BÍLTÆKI 10% AFSLÁTTUR
PIONEER BÍLHÁTALARAR 20-25% AFSLÁTTUR

SHARP skrifstofutæki – þú gengur að gæðunum vísum.



Öruggar og þægilegar sjóðvélar

SHARP.

SHARP ER-A180

- 10/30 vöruflokkar • Allt að 400 PLU númer
- Sjálfvirk dagsetning og tími • Kalkerandi strimill • 4 afgreiðslumenn

Tilboðsverð: Kr. 28.900 m/vsk



SHARP.

AL-1552
Prentari/skanni/ljósritunarvél
Tilboðsverð: Kr. 59.900



SHARP.

AR-M160D
Prentari/skanni/ljósritunarvél
Tilboðsverð: Kr. 119.900



SHARP.

SHARP PG-A10X

- Skjávarpi • Birta: 1300 ANSI LUMEN •
- Upplausn: XGA 1024 x 768
- Þyngd: 2.9 kg

Tilboðsverð: Kr. 129.900 m/vsk



SHARP.

SHARP PG-B10S

- Skjávarpi • Birta: 1200 ANSI LUMEN
- Upplausn: SVGA 800 x 600
- Þyngd: 2.9 kg

Tilboðsverð: Kr. 89.900 m/vsk

LITIÐ Í HEIMSÓKN


ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9

Sími 530-2800

Nánari upplýsingar á www.ormsson.is

SVONA ERUM VIÐ

> Heildarfjöldi leikskólabarna á Íslandi: 16.710



Með íslensku sem móðurmál 93%

Heimild: Hagstofan

Erlent tungumál móðurmál 7%

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: LANDAKOTSSKÓLI

Rógur, valdatafl og afsagnir

Skólastjóri Landakotsskóla, **Hjalta Þorkelsson**, sagði starfi sínu lausu föstudaginn 3. júní. Afsögn **Hjalta** var afleiðing spennu sem geislað hafði innan skólans frá því í lok janúar þegar kennararáð hélt til fundar við skólastjórn og gagnrýndi skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og nafngreinda kennara við skólann. Í kjölfarið spruttu upp deilur innan skólans þar sem skólastjóri og kennarar kröfðust þess að fá að sjá gögn fundarins. Gögnin voru hins vegar sögð glötuð. Á kennarafundi 1. mars var samþykkt vanauststillaga á kennararáðið og skorað á það að segja af sér sem það gerði ekki. Í maí skipaði kaþólski biskupinn yfir Ís-

landi, **Jóhannes Gíjzen**, nýja skólastjórn Landakotsskóla með **Gunnar Örn Ólafsson** sem formann. Skömmu síðar sagði stjórnin **Bessi Jóhannsdóttur** aðstoðarskólastjóra upp störfum. **Hjalta Þorkelsson** réð eftirmann **Bessiar** en stjórnin stóð þá í vegi fyrir því. **Hjalta** sagði upp starfi sínu í kjölfarið. Afsögn **Hjalta** markaði upphafið að valdatafli milli tveggja hópa innan skólans, annars vegar skólastjórnarinnar og kennararáðsins og hins vegar hluta kennarahópsins sem var handgenginn **Hjalta** og taldi skólastjórnina seka um valdniðslu. Foreldrar barna við Landakotsskóla héldu fund fyrir viku síðan þar sem skorað var á skólastjórnina að segja af sér.

Stjórnin sendi kennurum skólans bréf um að skriflegg staðningsyfirlýsing við skólastjórnina væri skilyrði þess að þeir héldu starfi sínu. Skólastjórnin boðaði svo til foreldrafundar á fimmtudaginn þar sem lesin var upp tilkynning með nöfnum þeirra kennara sem studdu stjórnina. **Laufey Jónsdóttir** kennari las upp tilkynningu þar sem skorað var á stjórnina að segja af sér og undrituð var af átta kennurum. Fomaður skólastjórnarinnar, **Gunnar Örn Ólafsson**, og **Jóhann Long** ritari sögðu svo af sér á föstudaginn með von um að sátt gæti skapast um framtíð skólans. Óánægð hluti kennarahópsins segir deiluna enn í hnút.

Hugleiddi aldrei að skýra frá eignatengslunum við S-hópinn

Halldór Ásgrímsson áréttar að hann hafi ekkert haft með rekstur Skinneyjar-Pinganes að gera þegar félagið gerðist óbeinn aðili að S-hópnum í aðdraganda Búnaðarbankasölu. Ríkisendurskoðandi segir Halldór ekki hafa verið vanhæfan til að fjalla um sölu.

EINKAVÆÐING Ríkisendurskoðandi segir að ljóst sé að hugleiðingar um hæfi Halldórs Ásgrímssonar í umfjöllun um sölu Búnaðarbankans séu óþarfar. Ástæðurnar séu þær að Halldór tók hvorki þátt í umfjölluninni um val á S-hópnum til viðræðna um kaupin á Búnaðarbankanum né tillögu framkvæmdanefndar um einkavæðingu um að fá heimild til að skrifa undir sölu.

bjóðenda sem til greina komu varðandi kaupin á Landsbankanum eða Búnaðarbankanum. Hesteyri seldi hlut sinn í Keri þremur mánuðum síðar í skiptum fyrir hlutabréf í VÍS.

Veit ekki um hagnaðinn

Verðmæti hlutar Skinneyjar-Pinganes í Keri jókst um nokkur hundruð milljónir á þessu þriggja mánaða tímabili vegna hækkunar á markaðsvirði Kers sem varð vegna þess að félagið var innan S-hópsins í viðræðum við ríkissjóð um kaupin á Búnaðarbankanum. Þegar Halldór er spurður hvað hann hafi sjálfur hagnast á þessari hækkun segist hann ekki vita það. „Ég tek hins vegar eftir því að í þessari skýrslu Ríkisendurskoðanda kemur fram að í þeim viðskiptum hafi engar peningagreiðslur átt sér stað. Ég held að það geti ekki verið rétt að hagnaðurinn hafi verið mörg hundruð milljónir,“ segir Halldór. Hann bendir á skýrslu ríkisendurskoðunar sem segir engan söluhagnað hafa átt sér stað hjá Hesteyri vegna sölu hlutarins í Keri enda hafi verið greitt fyrir þau með hlutabréfum.

Kemur sjálfur ekkert að fyrirtækinu

Spurður hvort ekki hefði verið eðlilega að skýra frá eignatengslunum milli Skinneyjar-Pinganes og Kers á meðan viðræðurnar um sölu Búnaðarbankans stóðu yfir segir Halldór að enginn hafi haft orð á því. „Ég hafði engar hugleiðingar um það og taldi að svo væri alls ekki,“ segir Halldór. „Ég kem sjálfur ekkert að þessu fyrirtæki. Ég fékk þennan hlut í arf eftir föður minn og er ekki í neinum tengslum við fyrirtækið. Ég hafði ekki hugmynd um hvað þeir hyggðust fyrir,“ segir Halldór. Aðspurður sagðist hann ekki hafa vitað að Skinney-Pinganes ætti óbeina aðild að S-hópnum. Spurður hvort hann hafi þá ekki vitað að Hesteyri ætti hlut í Keri á þessum tíma segir Halldór: „Ég frétti af því eins og hver annar borgari þegar Skinney-Pinganes keypti í Keri í gegn um Hesteyri en mér var ekki sérstaklega tilkynnt um það.“

Halldór var spurður hvort ekki hefði verið pólitískt rétt í ljósi stöðu hans áður en hann fór í veikindaleyfi, að hann hefði skýrt frá tengslunum. „Það hefur aldrei neitt verið dregið í efa í þessu sambandi. Það kom aldrei upp í þessari umræðu og aðalatriðið er það að niðurstaða ríkisendurskoðanda er komin fram,“ segir Halldór.

Hann segist aðspurður ekki hafa rætt eignatengslin við sam-



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON „Ég hef aldrei verið í neinum vafa um hæfi mitt í þessu máli. Mér hefur sárnað sú umfjöllun sem hefur verið síðustu daga og vikur. Ég hef lagt mig fram við að vinna mín störf af einlægni og heiðarleika og það er ný reynsla fyrir mig að vera sakadur um eitthvað annað eins og verið hefur nú upp á síðkastið.“

starfsflokk sinn í ríkisstjórn né innan ráðherranefndarinnar.

Segir afskipti sín ekki óeðlileg

Halldór var spurður hvort hann hafi ekki haft óeðlileg afskipti af Búnaðarbankasölu sem ráðherra þegar hann tók þátt í símafunni með tveimur bjóðendum í Búnaðarbankann, S-hópnum og Kaldbaki, í ljósi þess að þá hafi Skinney-Pinganes átt hlut í Keri, sem stóð að S-hópnum. Á fundinum var rætt um það hvort Kaldbakur og S-hópurinn gætu ekki sameinast um kaupin á Búnaðarbankanum. „Ég tel að það hafi ekki verið óeðlileg afskipti að veita viðtöl. Ég hef veitt viðtöl við fólk út af alls konar málum, ég veitti til að mynda Almenningsi viðtöl vegna kaupanna á Símanum,“ segir Halldór. „Ég veitti þetta viðtöl. Ég reyndi ekki að hafa nein áhrif á niðurstöðuna,“ segir Halldór.

Rætt um að auglýsa ekki banka

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að ákvörðunin um að auglýsa báða bankana til sölu samtímis hafi verið tekin að loknum umræðum á fundi ráðherranefndarinnar í júní 2002, eftir að Björgólfur Guðmundsson átti samtál við Davíð Oddsson um hugsanleg kaup Samson á öðrum hvorum bankanum. Davíð Oddsson kynnti þá hugmynd á fundi ráðherranefndarinnar að Samson myndi kaupa Landsbank-

ann og tilkynnt yrði um það þegar samningur væri lokið. Heimildir Fréttablaðsins segja að Halldór Ásgrímsson og Valgerður Sverrisdóttir, sem áttu sæti í ráðherranefndinni ásamt Davíð og Geir Haarde, hafi komið í veg fyrir að Landsbankinn yrði seldur Samson án auglýsingar og því hafi báðir bankarnir verið auglýstir samtímis.

Halldór staðfestir að þessar umræður hafi komið upp innan ráðherranefndarinnar á þessum tíma. „Leitað hafði verið að erlendum fjárfesti til að kaupa kjölfestuhlut í bönkunum og stóð sú leit nokkuð fram yfir áramót 2002. Ekki tókst að selja bankana og málið lá niðri þegar bréf Samson barst. Þá var um það rætt hvort hægt væri að líta á þá ósk Samson sem hluta af þeirri leit sem þegar hafði átt sér stað þannig að ekki þyrfti að auglýsa að nýju. Við ræddum þetta okkar í milli. Niðurstaðan var sú, og ég held að hún hafi verið rétt, að það væri ekki hægt og það yrði að auglýsa á nýjan leik og það var gert,“ segir Halldór.

Spurður hvort, eftir að hyggja, hefði mátt standa betur að verki við sölu bankanna segir Halldór að alltaf megi standa betur að verki í öllum málum. „Því miður, sem voru náttúrulega vonbrigði á sínum tíma, var tiltölulega lítil áhugi um kaupin á þessum tveimur bönkum. Þrjár aðilar voru metnir hæfir til að kaupa bankana og tveir þeirra keyptu,“ segir Halldór.

Formlegt vald til sölu ekki hjá ráðherranefnd

Ríkisendurskoðandi segir að hið formlega vald til sölu bankanna hafi verið í höndum viðskiptaráðherra eins en ekki ráðherranefndarinnar. Ráðherranefnd um einkavæðingu sé fyrst og fremst ætlað að einfalda aðkomu ríkisstjórnar að einkavæðingarverkefnum og greiða fyrir staðfestingu stefnumarkandi ákvarðana þeim tengdum, sem annars væru í höndum ríkisstjórnar. Ákvörðunin sé eftir sem áður tekin af og á ábyrgð viðkomandi ráðherra. Ráðherranefndin geti því varla talist stjórnarsýslunefnd, sem ætlað er að taka stjórnvaldsákvæðanir í skilningi stjórnarsýslulaga. Til þess sýnist hana skorta nægilega skýran lögformlegan grundvöll.

Ríkisendurskoðandi segir jafnframt að ráðherranefndin hafi sem slík ekki tekið beinan þátt í samningaviðræðum um sölu Búnaðarbankans. Hún hafi hins vegar tekið stefnumarkandi ákvarðanir í málinu, sem fyrst og fremst fólust í að ákveða að auglýsa bankana til sölu og fallast á tillögur framkvæmdanefndarinnar um sölufrýrkomulagið.

Halldór sagðist vonast til þess að stjórnarandstaðan sætti sig við niðurstöður ríkisendurskoðanda. „Ríkisendurskoðun er eftirlitsstofnun Alþingis. [...] Alþingi hlýtur að treysta sinni eftirlitsstofnun til að fara með þau mál sem að því lýtur,“ segir Halldór. ■



FRÉTTASKÝRING
MEINT VANHÆFI
FORSÆTISRÁÐHERRA

SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR

BLAÐAMAÐUR

Þetta kemur fram í nýrri athugun Ríkisendurskoðunar á hæfi Halldórs Ásgrímssonar til þess að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins árið 2002, sem Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kynnti á blaðamannafundi í gær.

Á þessum tíma átti Halldór um 1,33 prósentu hlut í Skinney-Pinganesi, sem átti helmingshlut í Hesteyri hf. sem var einn stærsti hluthafinn í Keri, sem var hluti af S-hópnum. Jafnframt áttu skyldmenn Halldórs samtals um 25 prósentu hlut í Skinney-Pinganesi. Ríkisendurskoðandi segir í skýrslu sinni að hagsmunir Halldórs og skyldmenna hans teljist smávægilegir og telur málið þess eðlis að þáttur Halldórs í meðferð málsins hafi verið svo lítilfjörlegur að ekki yrði talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hefðu áhrif á ákvörðun hans.

Var í veikindafrí

Í skýrslunni segir jafnframt að Halldór hafi verið frá störfum vegna veikinda frá 14. október til 26. nóvember 2002, en hinn 4. nóvember staðfesti ráðherranefndin tillögu framkvæmdanefndarinnar um að fá heimild til að ganga til viðræðna við S-hópinn um kaupin á Búnaðarbankanum.

„Ríkisendurskoðun kemst að þeirri niðurstöðu að í fyrsta lagi hafi ég ekki fjallað um málið og því sé óþarft að líta á það og í öðru lagi hefði ég fjallað um það þá hefði ég ekki verið til þess vanhæfur,“ segir Halldór.

Halldór segir að fram til 14. október hafi ekkert gerst í söluferli Búnaðarbankans sem varðaði ákvörðun um það við hvern yrði talað varðandi sölu á Búnaðarbankanum.

Skinney-Pinganes og Kaupfélag Skagfirðinga endurvöktu Hesteyri í því skyni að kaupa ráðandi hlut í Keri um miðjan ágúst 2002. Ker var þá hluti af S-hópnum sem var einn þriggja



MENNTASKÓLINN
HRAÐBRAUT

- Menntaskólinn Hraðbraut býður uppá metnaðarfullt nám og fyrsta flokks aðstöðu fyrir duglega nemendur í líflegu og skemmtilegu umhverfi.

Athugaðu málið á hradbraut.is

Menntaskólinn Hraðbraut.
Faxafeni 10, húsi Framtíðarinnar.
Sími: 517-5040

- **“...tveimur árum á undan”**

Viltu ljúka stúdentsprófi á tveimur árum?

Viltu fara í persónulegan skóla með frábæru félagslífi?

Viltu eiga viku frí í skólanum sjöttu hverja viku?

Viltu ljúka heimavinnunni í skólanum?



Langar þig að skipta um skóla ??

Ef þú ert góður námsmaður, sem hefur lokið tveimur árum í framhaldsskóla, getur þú átt þess kost að ljúka stúdentsprófi eftir aðeins eitt ár.
Hafðu samband við okkur ef þú vilt skoða þennan möguleika betur.

skoðun

SJÓNARMÍÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Halldór Ásgrímsson kynnti niðurstöðu Ríkisendurskoðunar. Sá sem var borinn sökum las upp sýknuorðið

Hæfi og hæfi

Ríkisendurskoðun segir Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hafa verið hæfan til að koma að einkavæðingu banka með þeim hætti sem hann gerði og reyndar gott betur. Hann hefði verið hæfur, að mati Ríkisendurskoðunar, þótt aðkoma hans hefði verið meiri en hún í raun var.

Á sama tíma segir þingflokksformaður Framsóknarflokksins nokkuð meira, hann segir um þá sem hafa efast um hæfi forsætisráðherra að þeir hafi háð rögsherferð og forsætisráðherra sjálfur kveinkar sér undan umræðunni og efasemdunum sem víðaðar hafa verið síðustu daga og vikur.

Enginn hefur ráðist að fjölskyldu ráðherrans, það vill svo til að fjölskylda hans á fjórðungshlut í Skinney-Pinganesi og það er meðal annars og ekki síst þess vegna sem spurningar um hæfi ráðherrans hafa vaknað og um leið um það hvort það hafi verið við hæfi að hann kæmi að málinu.

Ekki má gleyma að Ríkisendurskoðun er ekki dómstóll. Samt verður ekki dregið í efa að niðurstöður stofnunarinnar í máli forsætisráðherra eru klárar og efasemdir engar. Hins vegar er stjórnarandstöðu, fjölmiðlum og kjósendum heimilt hér eftir sem hingað til að spyrja, jafnvel þótt spurningarnar séu erfiðar. Halldór Ásgrímsson tengist Skinney-Pinganesi, það er óumdeilt. Fyrirtækið kom við sögu í aðdraganda sölu bankanna. Þess vegna er ekkert að því að spurt sé. Og þess vegna verður spurt áfram. Þegar er ljóst að stjórnarandstæðingar taka niðurstöðu Ríkisendurskoðunar ekki sem málalokum. Þeir taka undir með Ríkisendurskoðun að niðurstæða stofnunarinnar er ekki lagaleg. Það er einmitt það sem formaður Frjálslynda flokksins segir vanta, það er lögræðilega úttekt. Það er ekkert að því að leitað verði eftir áliti annarra en Ríkisendurskoðunar. Málið er grafalvarlegt. Það er alvarlegt þegar grunur er um að aðkoma forsætisráðherra hafi ekki verið við hæfi. Og þótt Ríkisendurskoðun efast ekki um hæfi hans eru samt uppi efasemdir um að við hæfi hafi verið að hann kæmi að málinu. Það er ekki stórmannlegt af ráðherra, hvað þá forsætisráðherra að kveinka sér undan umræðu og gagnrýni. Enginn hefur ráðist að fjölskyldu ráðherrans, það vill svo til að fjölskylda hans á fjórðungshlut í Skinney-Pinganesi og það er meðal annars, og ekki síst, þess vegna sem spurningar um hæfi ráðherrans hafa vaknað og um leið um það hvort það hafi verið við hæfi að hann kæmi að málinu.

Halldór Ásgrímsson var réttilega frá vegna veikinda þegar bankasalan var gerð. Eigi að síður er erfitt að ímynda sér annað en að hann hafi vitað hvaða ákvarðanir voru teknar, hvenær og af hverjum. Allir stjórnendur þekkja þannig verklag. Þess vegna er því ósvarað hvort það hafi verið við hæfi, að Halldór Ásgrímsson hafði afskipti af bankasölunni eftir að ljóst var að hann og hans fjölskylda áttu hagsmuna að gæta. Ríkisendurskoðun segir hann hafa verið hæfan og það er svo annarra að svara hvort aðkoma hans hafi verið við hæfi. Þeirri spurningu svara þeir sem kynna sér málið, hver fyrir sig. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Tekur varla að tala um tengslin

Þeir sem setja sig í spor Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra þessa dagana geta án efa skilið óþol hans gagnvart linnulausri og ágengri umfjöllun stjórnarandstöðunnar og fjölmiðla. Halldór var varaformaður ráðherra-nefndar um einkavæðingu á sama tíma og fyrirtækið Skinney-Pinganes, að hluta í



eigu fjölskyldu hans, tvinnadist inn í viðskipti með hluti sem síðar tengdust kaupum á Búnaðarbankanum. Einmitt þarna stendur hnifurinn í kúnni, því ákvæði stjórnsýslu-laga um vanhæfis-

ástæður eru býsna ströng. En eftir að hafa reifað málið á níu blaðsíðum komst Ríkisendurskoðandi að því í gær að í raun hefði verið óþarft að hugleiða sérstaklega hæfi Halldórs til þess að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum til 5 hópsins.

Hallærið í góðærinu

Halldór kvaðst á blaðamannafundinum í gær ýmsu vanur í stjórnámálum en hann ætlaðist til þess að fjölskylda sín yrði látin í friði. Stjórnámálamenn eru vanir atlögu tortryggina fjölmiðla. Stundum reynist grunur þeirra á rökum reistur. Þannig var það með Guðmund Árna Stefáns-son heilbrigðisráðherra þegar hann sagði af sér 1994. Fæstir muna ávirk-

ingar hans. Þórólfur Árnason borgarstjóri þurfti að taka pokann sinn í fyrra. Sekt hans var áreiðanlega minni en forstjóranna í olíusamráðsmálinu. Ritt Bjerregård, eitt sinn menntamálaráðherra Danmerkur, varð að segja af sér þegar hún fór ótæpilega með almannafé á ráðstefnu UNESCO í París. Og hvað með breskan ráðherra sem missir ráðherrastól fyrir embættisglöpp á borð við þau að koma au-pair stúlku inn í landið framhjá lögum og reglum? Krafan um heiðarleika og trúverðugleika hvílir á þjónum almennings, ráðherrunum. Nú reynir á trúverðugleika Ríkisendurskoðanda og forsætisráðherra, sem nýlega gekkst undir reglur um að birta opinberlega upplýsingar um hagsmunatengsl þingmanna Framsóknarflokksins.

johannah@frettabladid.is

Ef alltaf eru jóla verða aldrei jóla

Mikil er kaupgleði landans. Kaupmáttur launa hefur aukist stórlega og við sjáum enga ástæðu til að neita okkur um hlutina. Ný húsgögn, nýr gemsi, nýr bíll eða jafnvel bílar, leikföng, fót og svo mætti lengi telja. Fyrir örfáum mánuðum gekk stór hluti þjóðarinnar í gegnum skuldbreytingu lána og greiddi þá m.a. skammtímaskuldir sínar með lengri lán-um á lægri vöxtum. Yfirdráttarskuldir eru aftur orðnar jafn miklar. Já, það er gaman að kaupa.

Og mikil er vinnugleði landans. Allir sem vettlingi geta valdið vinna og vinna meira, dagvinnu, yfirvinnu, næturvinnu. Því þrátt fyrir hægstæð lán, lægri vexti, lengri lánstíma og allt hvað heiti hefur þarf að greiða þetta til baka. Eithvað hlýtur undan að láta því sólarhringurinn hefur ekki lengst og það er svo undarlegt að þrátt fyrir flóð tækja inn á heimilín á undanförunum árum, tækja sem öll eiga að auðvelda verkin og flýta fyrir, hefur fólk sífellt minni tíma fyrir fjölskyldu, vini og áhugamál.

Það var áhugavert að hlusta á hagfræðing Seðlabankans segja frá því nýlega í viðtali að fólk virtist hugsa meira um að komast í gegnum næstu mánaðamót en að auka eigur sínar. Þess vegna tekur fólk hærri lán til lengri tíma. Skammtímasjónarmiðið er ríkjandi. Fregnir heyrast af slíkri soun að það ætti að vera ólöglegt að fara þannig með peninga á meðan við vitum að þrátt fyrir allt lifir of stór hluti þjóðarinnar nánast við sult og seyr. Milljón fyrir heitan pott og 30 til 40 milljónir fyrir þrjá bíla í einni innkaupaferð. Slík meðferð peninga er í besta falli siðlaus. Eða hvað? Er þetta kannski allt í lagi? Mér er til efs að þeim, sem þurfa að þiggja bætur, oft af skornum skammti, þyki þetta ásættanlegt. Fólk sem varla á fyrir mat og þarf að treysta á góðviljaða ættingja, for-

Í DAG

KAUPLÉÐI ÍSLENDINGA



INGA RÓSA ÞÓRHILDARDÓTTIR

Nú virðast peningar skipta öllu máli, þeir flæða um, skipta um hendur hraðar en venjulegt fólk skiptir um sokka og þeir virðast vera hið ríkjandi afl í samfélaginu. Nú þarf ekki að efast um gagnsemi og nauðsyn peninga en þegar önnur gildi virðast hverfa æ lengra frá okkur hlýtur að þurfa að setja fram spurningar um forgangsröðun verkefna, ekki síst hjá fjölskyldufólki.

eldra eða börn, er varla sátt við þessa skiptingu fjármagns í samfélaginu.

Og allt skal metið til fjár. Það þarf að réttlæta menningu með því að hún gefi meira af sér en hún kostar þjóðina. Minna er talað um hin andlegu verðmæti, sjálfsmynd og sjálfsvirðingu þjóðarinnar og gildi menningar sem menningar, burt séð frá tölum í bókhaldi. Það þarf að reikna út arðsemi bættra samgangna þótt slíkur útreikningur sé í besta falli vafasamur. Hvað er lagt til grundvallar? Hvers virði er byggð í landinu? Minnisstæð er setning úr fyrirlestri í Háskóla Íslands fyrir

nokkrum árum; „Það lifa engar munnmælasögur þar sem ekki eru unnar til að flytja þær áfram! Og hvers virði er það okkur að eiga munnmælasögurnar og aðrar sögur sem lifa aðeins vegna þess að fólk býr á stöðum og getur flutt þær áfram? Vissulega lifa einhverjar sögur frá byggðum sem ekki eru lengur til en þeim fækkar og margar týnast og finnast kannski aldrei aftur. Er hægt að meta slíkt til fjár? Þarf endilega að meta þær til fjár?

Peningar eru afl góðra hluta en geta líka verið handhöfum sínum fjandsamlegir. Nú virðast peningar skipta öllu máli, þeir flæða um, skipta um hendur hraðar en venjulegt fólk skiptir um sokka og þeir virðast vera hið ríkjandi afl í samfélaginu. Nú þarf ekki að efast um gagnsemi og nauðsyn peninga en þegar önnur gildi virðast hverfa æ lengra frá okkur hlýtur að þurfa að setja fram spurningar um forgangsröðun verkefna, ekki síst hjá fjölskyldufólki.

Áreitid er gegndarlaust, við „þurfum“ að eignast allt milli himins og jarðar og peningastofnanir eru ekki bara fúsar að lána okkur peninga heldur beinlínis halda þeim að okkur. Freistingarnar eru á hverju strái og það getur verið erfitt að standa á móti. Það þarf sterk bein til að þola góða daga var einhver tíma sagt og það virðist eiga vel við núna. Nægjusemi og hófsemd eru hverfandi dyggðir en græðgin og gegndarlaus neysluhyggja tröllríður samfélaginu okkar. Þetta hlýtur að bitna á fjölskyldulífi og á uppeldi barna okkar. Forgangsröðunin þarf að breytast og það ætti að vera lágmarkskrafa okkar að ein meðalstór fjölskylda geti lifað vel af launum fyrir eitt og hálf starf. En þá þarf líka að draga úr kröfunum, eða öllu heldur breyta þeim. Gera meiri kröfur til fjölskyldulífs og minni kröfur til veraldlegra hluta. ■

Taktu þátt... **visir**

Í kjöri um áhorfendaverðlaun ársins á visir.is og þú gætir farið frítt í leikhús - 40 miðar og 4 árskort í boði!

GRÍMAN
ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN

Verðlaunin verða afhent í Þjóðleikhúsinu 16. júní

BasicCamp Productions

BAUSUR GROUP

actavis

DAGUR GROUP

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBREFF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Sumarið komið og brúðkaupin byrjuð

Steggjaæði og gæsafyllerí

Himinhár veislukostnaður bætist ofan á slæma samvisku

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

Metnaðarfullar breytingar á LÍN

UMRÆÐAN

LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNNA



DAGNÝ JÓNSDÓTTIR

Vitaskuld munum við halda áfram á sömu braut enda metnaðarmál að hafa öflugan Lána sjóð sem sinnir félagslegu tilliti sínu fyrir alla námsmenn í landinu.

Undanfarið ár hafa orðið miklar breytingar til hagsbóta fyrir námsmenn á Lána sjóði íslenskra námsmanna. Þar þar hæst lækkan endurgreiðslubyrði námslána, lækkan skerðingarhlutfalls, afnám frítekjumarks, breytingar á ábyrgðamannakerfinu, hækkun grunnframfærslu, aukin sumarlánavigrum og fleira. Þetta eru brýn hagsmunamál námsmanna og er ánægulegt að algjör samstaða skyldi nást innan stjórnar LÍN um útlutanarreglu fyrir næsta vetur.

Lækkun skerðingarhlutfalls hefur lengi verið baráttumál námsmanna og hef ég víða orðið vör við mikla gagnrýni á hlutfallið, en námsmönnum hefur fundist þeim refsað fyrir að vinna. Stefna

stjórnvalda undanfarin ár hefur verið að lækka skerðingarhlutfallið en það var komið upp í 75 prósent, en fer nú niður í 14 prósent. Þetta er gríðarleg breyting og samhlíða því að afnema frítekjumarkið má gera ráð fyrir því að hagrur um 85 prósent námsmanna vænkist eftir breytinguna. Nú hafa námsmenn frjálssari hendur til að afla sér tekna sem er afar jákvætt, ekki síst vegna þess að við viljum auka tengsl atvinnulífs og skóla. Lækkun endurgreiðslubyrði námslána var eitt af stærri kosningaloförum Framsóknarflokksins í síðustu kosningum. Í vetur var lækkanin lögfest en endurgreiðslan fór úr 4.75 prósent í 3.75 prósent. Varla þarf að fjölyrða mikið um mikil-

vægi þessa máls en fyrir útskrifaðan nema með um 250.000 krónur á mánuði lækkar endurgreiðslan um 30.000 krónur á ári. Það munar nú um minna. Breytingin er stór liður í því að gera nám enn arðbærara. LÍN hefur ásamt bönkunum unnið að því að gera ábyrgðamannakerfið liðleggra. Nú geta námsmenn, eða án efa í einhverjum tilfellum aðstandendur þeirra, keypt tryggingu í banka sem ábyrgist lánin þeirra. Þetta er gríðarlega stórt réttindamál, ekki síst fyrir þá sem ekki hafa átt neina aðstandendur til að skrifa upp á lán sín.

Fleiri atriði voru tiltekin og vil ég sérstaklega vekja athygli á því að nú hafa námsmenn sama rétt til lána yfir sumarmánuðina og á öðr-

um árstíma. Þannig geta námsmenn flýtt fyrir námslokum sínum með sumarnámi. Það getur verið gott úrræði þegar erfitt er að verða sér úti um sumarvinnu. Það má með sanni segja að námsmenn verði betur settir næsta vetur heldur en áður varðandi úthlutun LÍN. Stjórnvöld hafa lagt mikinn metnað í að koma til móts við námsmenn og hafa námsm lyst yfir ánægju með árangurinn. Vitaskuld munum við halda áfram á sömu braut enda metnaðarmál að hafa öflugan Lána sjóð sem sinnir félagslegu tilliti sínu fyrir alla námsmenn í landinu.

Höfundur er alþingismaður og varaformaður menntamálanefndar.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Prengsli í flugi

Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi hjá Neytendasamtökunum, skrifar

Í ljósi lesendabréfs „Prengsli í flugi“ í Fréttablaðinu þann 13. júní vilja Neytendasamtökin koma eftirfarandi á framfæri. Nýlega hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum könnun ráðgjafastofunnar Skytrax á aðbúnaði flugfarþega og vöktu Neytendasamtökin athygli á henni á heimasíðu samtakanna, www.ns.is, þann 10. júní sl.

Neytendasamtökin tóku þetta mál upp fyrir ári síðan í Neytendablaðinu 2. tbl 2004 í grein sem bar heitið „Þröngt mega farþegar sitja“. Þar var ítarlega fjallað um aðbúnað íslenskra flugfarþega og talað við talsmenn Icelandair og Iceland Express. Það er því ekki rétt eins og haldið er fram í fyrirnefndu lesendabréfi að Neytendasamtökin láti sig ekki málið varða, þvert á móti.

Það er rétt að ítreka að Neytendasamtökin eru félagsamtök og eiga allt sitt undir félagsmönnum. Neytendasamtökunum er því miður ómögulegt að taka upp öll þau brýnu mál sem brenna á neytendum nema að fá til þess aukinn stuðning. Það þýðir fleiri félagsmenn og/eða aukinn fjárstuðning stjórnvalda. Neytendasamtökin standa fyrir öflugri hagsmunagæslu neytenda og halda uppi umræðu um neytendamál á heimasíðunni www.ns.is og í Neytendablaðinu.

LEIÐRÉTTING



ÞÓRA KRISTJÁNSDÓTTIR

Í frétt um nýja bók Þóru Kristjánsdóttur listfræðings á sunnudag birtist mynd af Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjaverði, en ekki Þóru. Það er velvirðingur á þessum mistökum.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



HP TÖLVUR Á TILBOÐSVERÐI Í PENNANUM

HP DC7100 heimilistölva með 19" flötum skjá

Turntölva (Convertible Minitower)
Intel P4 540 (3,2GHz)/1MB L2 Cache
800 MHz FSB og Hyper-Threading tækni
Intel 915G Express kubbasett
Minni: 1GB (2X512) PC3200
Harður diskur: 160GB Serial ATA
Drif: 16X DVD+-RW Skrifari
(Double Layer/Dual Format)

Skjákort: ATI RNX300SE 128MB
Hljóðkort: SoundMax Digital AC97 með innbyggðum hátalara
Netkort: 10/100/1000 ethernet controller (Broadcom NetXtreme)
Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Home
Ábyrgð: 3ja ára á vinnu og varahlutum
Vörunúmer: 1000PKHEIMILIS2

+ S102 skrifborðsstóll

+ 256 Mb minnislykill

+ Práðlaust lykklaborð / mús

+ Hátalarar Harman / Kardon

Tilboðsverð **159.900 kr.**

Verð á mánuði: 8.883 kr.
Vaxtalaust í 18 mánuði.
Verð án lántökugjalds.

Almennt verð 189.900 kr.

Færð þú flugferð með nýju tölvunni þinni?

Allir þeir sem kaupa tölvu hjá Pennanum fram að verslunarmannahelgi fara í pott og geta átt þess kost að vinna: Miða fyrir 2 á Þjóðhátíð í Eyjum eða gjafabréf frá Iceland Express með inneign í Magasin Du Nord!

Við drögum út heppna tölvukaupendur í beinni útsendingu á KISSFM mánudaginn 25. júlí! Þetta er einfalt mál, þú kaupir tölvuna í Pennanum og gætir verið á leiðinni í flugferð!

Nýjung á Íslandi!

Núna geturðu horft og hlustað á videómyndbönd á MP3 spilaranum þínum.

DVM/MP3 Spilari

- e-book / e-album
- Leikir
- Stafrænt alúbúm
- 512 MB
- Frábær hljómur

Tilboðsverð **19.900 kr.**
Almennt verð 16.900 kr.

HP Compaq nx6110 fartölva

Örgjörvi: Intel® Celeron® M processor 360 (1.4-GHz, 400-MHz FSB, 1-MB L2 cache)
Skjá: 15,0 TFT XGA+
Minni: 256MB 333-MHz DDR SDRAM
Harður diskur: 40 GB
Drif: Dvd/cd-rw Combo Drif
Skjáort: Intel Graphics Media Accelerator 900
Netkort: NetXtreme Gigabit+ Broadcom 802.11g,
Rafhlöðuending:
Allt að 4 klst. og 15 mín.
Þyngd: 2,7kg
Stýrikerfi: Microsoft Windows XP-Pro
Ábyrgð: 2ja ára neytendaábyrgð
Vörunúmer 1000PKPT600AA

+ Pataco fartölvubakpoki

Tilboðsverð **99.900 kr.**
Almennt verð 129.900 kr.

Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2060, Reykjavík
Penninn, Hafnarstræti 91-93, sími 461 5050, Akureyri • www.penninn.is

99 kr. dagurinn



99 kr/parið

Baðsandalar Stærðir 35-45



99 kr/pk.

Götukrítar 15 í pakka



99 kr/pk.

Blöðrur hnöttur 8 í pakka



99 kr/stk.

Wader smábílar



99 kr/stk.

MM hertrukkar 4 teg.



99 kr/stk.

Disney sápukúlur 200ML.



99 kr/stk.

Bolli m/undirskál



99 kr/stk.

Kaffibolli m/undirskál 2 teg.



99 kr/stk.

Drykkjarkanna 2 teg.



99 kr/stk.

Solare leirtau



99 kr/stk.

Nærbuxur m/streng 5 teg.



99 kr/parið

Baðbombur 10 teg.



99 kr/stk.

Viskastykki

Tilboðin gilda 14. júní eða meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



99 kr/stk.

Egils appelsín 2l



99 kr/stk.

Brazzi ávaxtasafi 1l 5 teg.



99 kr/stk.

Quickbury kökur 300 g 5 teg.



99 kr/stk.

Hagkaups ís 1l 2 teg.



99 kr/stk.

Friad Franskar



99 kr/stk.

Hvítlauksmjör



99 kr/kg.

Bökunarkartöflur



99 kr/pk.

Mr. Bagels beyglur 4 teg.



99 kr/5stk.

Holta kjúklingapylsur



99 kr/stk.

Risabrauð 1 kg



99 kr/pk.

Holta fr. kjúklingavængir



99 kr/pk.

Doritos Nacho Cheese 200 g



99 kr/pk.

Maryland kex 4 teg.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.067 -0,30%

Fjöldi viðskipta: 159
Velta: 1.794 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ FL Group
Vinnslustöðin
Straumur

2,63%
2,56%
1,23%

MESTA LÆKKUN

↓ Flaga
Atorka
Actavis

-2,75%
-1,67%
-1,25%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 39,60 -1,25% ... Atorka 5,90 -1,67% ... Bakkavör 35,30 +0,28% ... Burðarás 14,60 - ... FL Group 15,60 +2,63% ... Flaga 4,60 -2,75% ... Íslandsbanki 13,60 -0,37% ... KB banki 528,00 -0,38% ... Kögun 59,30 - ... Landsbankinn 16,70 -0,60% ... Marel 56,30 - ... Og fjarskipti 4,05 - ... Samherji 12,10 - ... Straumur 12,30 +1,23% ... Össur 77,50 -0,64%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Féll á enskunn

Og Vodafone virti ekki 90% regluna að fullu og datt út úr Úrvalsvísitölunni.

Á föstudaginn síðasta var tilkynnt að Og Vodafone yrði ekki lengur á meðal þeirra fimmtán félaga sem skipa Úrvalsvísitöluna næsta hálf árið. Að mati Kauphallarinnar uppfyllir félagið ekki skilyrði um að níú prósent af fréttatilkynningum, sem félög birta í Kauphöllinni, skuli vera á ensku.

Forsvarsmenn Og Vodafone mótmæltu þessari ákvörðun Kauphallarinnar í gær og sögðu að félaginu hafi ekki borist formleg ábending um þessi skilyrði. Samkvæmt talningu Og Vodafone voru 86 prósent kauphallarfréttar frá fé-

laginu frá ársbyrjun til maíloka á ensku. Félagið álitur einnig að þau fyrirtæki sem voru tekin inn í staðinn uppfylli ekki skilyrði 90 prósent reglunnar.

Landsbankinn telur að forsvarsmenn Og Vodafone hafi átt að vita að umrædd regla væri í gildi, enda sé sagt greinilega frá henni á vef Kauphallarinnar. Því til viðbótar hefði kauphöllin, tvisvar á tímabilinu frá desember til febrúar, sent út tilkynningu um að fjögur félög, þar á meðal Og Vodafone í bæði skiptin, uppfylltu ekki skilyrðin.



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

FÉLLU Á ENSKUNNI Og Vodafone birti 86 prósent af öllum fréttatilkynningum sínum til Kauphallarinnar á tímabilinu janúar til maí á ensku. Hlutfallið hefði þurft að vera 90 prósent. Fyrir vikið datt félagið út úr Úrvalsvísitölunni.

- eþa

Minna um íbúðalán

Bankarnir gáfu út íbúðalán að andvirði átján milljarða króna í maí samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Hafa útlán bankanna farið minnkandi síðustu þrjú mánuði.

Hafa bankarnir það sem af er árinu lánað að meðaltali 20 millj-

arða króna á mánuði, samanborið við 30 milljarða við lok síðasta árs. Heildarfjöldi íbúðalána er nú kominn yfir 20 þúsund og er meðalupphæð hvers láns 10,6 milljónir króna. Kemur þetta fram á vef greiningardeildar Íslandsbanka.

-jks

Óbreyttir vextir áfram

Vöxtum íbúðalánasjóðs verður ekki breytt eftir síðasta útböð sjóðsins og verða þeir áfram 4,15 prósent.

Fjárfestar lögðu inn tilboð að nafnvirði um 22 milljarðar í síð-

asta útböð, sem fór fram þann 9. júní, en sjóðurinn tók aðeins við fimm milljörðum króna að nafnvirði.

Meðalávöxtunarkrafa tilboða var 3,57 prósent með þóknun sem

eru þeir vextir sem íbúðalánasjóður greiðir lánveitendum sínum. Sjóðurinn bætir 0,6 prósentustigum ofan á þá vexti og því er niðurstaðan sú að vextir til lánþega verða 4,15 prósent.

- eþa

BJARTIR DAGAR
Í HAFNARFIRÐI

Í dag ...

ÞRIÐJUDAGUR **14. júní**

19:30 **STUTTMYNDAKVÖLD** í Gamla bókasafninu við Mjósund. Sýndar verða stuttmyndir ungra höfundar, m.a. Goðsögnin um Leifurfót og ónefnd mynd eftir Inga Lárusson.

20:00 „**DANS ÚR ÝMSUM ÁTTUM**“. Sýning Listdansskóla Hafnarfjarðar í Hafnarfjarðarleikhúsinu að Strandgötu 50. Nemendur skólans sýna brot úr ævintýrinu um Gosa. Aðgangseyrir kr. 500.

20:00 **DÝRAGARÐSSAGA** eftir Edward Albee í uppsetningu Leikfélags Hafnarfjarðar í gamla Lækjarskóla. Sýningin hlaut mikla athygli þegar hún var sýnd í vetur og hefur nú verið valin á Leiklistarháttina *Leikum núna* á Akureyri 2005. Aðgangseyrir kr. 1.000.

Bjartir dagar

Ferðamálaráð Íslands spb

Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 • Sími 585 5500 • www.hafnarfjordur.is

Opnunartími í verslun RV:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá kl. 10:00 til 14:00

Glös fyrir góðar stundir
– einstök ending og frábært verð

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Á tilboðsverði í júní 2005

1.528,-
12 stk.

Imerial 31 cl rauðvinglós, 12 stk.

742,-
6 stk.

Maldive 36 cl björglós, 6 stk.

324,-
3 stk.

Pils 36 cl björglós, 3 stk.

TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ

Kawasaki 2750s
árg. 2005
Verð 980.000 kr.
15.252* á mánuði
*Meðalgr. pr. mán í 60 mánuði miðað við 245.000 kr. útborgun og SP bílalan.


Vulcan 800 classic
árg. 2005
Verð 968.000 kr.
15.067* á mánuði
*Meðalgr. pr. mán í 60 mánuði miðað við 242.000 kr. útborgun og SP bílalan.

Husaberg Force
450cc árg. 2004
Tilboðsverð 880.000 kr.
Verð áður 1.190.000 kr.
13.714* á mánuði
*Meðalgr. pr. mán í 60 mánuði miðað við 220.000 kr. útborgun og SP bílalan.

Aukahlutabúnaður á Force hjólum:
Demparar á rúmlega 300.000!
Triple clamps, Skid Plate, Chain guard,
Aluminum fuel cap og svartar gjarðir!
Götuskráð hjól

NITRO

Nitró / Járnhálsi 2 / Sími: 557 4848 / www.nitro.is

		
Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK 2.58	13.28	23.59
AKUREYRI 1.44	13.13	00.45
Heimild: Almanak Háskólans		

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er þriðjudagur 14. júní, 165. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Skólinn er óréttlátur! Það er sama hvað ég er duglegur, verkefni klárast aldrei!



© BULLS 387A

Smáauglýsingar

byrja í dag á bls. 5

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á vísir.is



allt

brúðkaup

Boðskortin fyrir stóra daginn

BLS. 4



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á vísir.is



Gísli Pétur hjólar stundum frá Hafnarfirði til Reykjavíkur.

Hjólar tuttugu kílómetra tvisvar í viku

Sumum nægir að stunda eina íþrótt sér til heilsubótar en Gísli Pétur Henriksson, leikari stundar fjölbreytta hreyfingu til að halda þrekinu í lagi og spáir talsvert í mataræðið í þökkabót.

„Ég hjóla mjög mikið en lenti í slysi fyrir nokkru síðan. Ég flaug fram fyrir mig og lenti á öxlinni og tagnaði. Það var frekar leiðinlegt en ég er allur að koma til og hjóla núna út um allt,“ segir Gísli Pétur.

Gísli Pétur lætur ekki hjólræiðarnar duga og stundar fjölbreytta hreyfingu til að halda sér í formi. „Ég ákvað fyrir einu og hálfu ári að koma mér í form. Ég æfi körfubolta með Íslandsmeisturum í Haukum B en það er 1. flokkur í meistaraeildinni. Ég æfi reyndar ekki með þeim á sumrin en á veturna æfi ég þrisvar sinnum í viku og keppi einu sinni í viku. Ég reyni líka að

lyfta mikið og tek kipp í því en eftir að ég meiddist hef ég lítið getað stundað það. Svo syndi ég kílómetra þegar ég fer í sund og hjóla mikið í sambandi við leiklistina í Reykjavík en ég bý í Hafnarfirði þannig að stundum hjóla ég tuttugu kílómetra á dag tvisvar til þrisvar sinnum í viku.“

En er leiklistin ekki líkamsrækt út af fyrir sig? „Í rauninni ekki. Það er meira huglæg leikfimi. Það er dansarinn sem þarf í rauninni bara að vinna. En ég hef ekkert hugsað út í að feta þá braut. Kærastan mín er dansari og ég læt mér duga að horfa,“ segir Gísli Pétur en hann hugsar líka talsvert um mataræðið. „Ég er stöðugt að spá í mataræðið og ég drekk hvorki né reyki. En ég er bara svo mikill nammigrís að stundum ræð ég ekki við mig. Ég er búinn að innleiða nýtt í þeim efnun – hinn gullna meðalveg. Allt er gott í hófi.“

lilja@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

í heilsu

Neysla á verkjalyfum er líklega tengd við aukna hættu á hjartaáföllum. Þetta kemur fram í grein í nýjasta tölublaði British Medical Journal sem sagt er frá á doktor.is. Vísindamenn telja að neysla lyfsins íbúprofen geti aukið líkurnar um allt að 24 prósent en neysla Diclofenacs um 55 prósent. Rannsókn vísindamanna náði til lyfseðilsskyldra verkjalyfa. Nýlegu kynntu vísindamenn í Bandaríkjunum niðurstöður nýrrar skýrslu sem bentu á mögulega tengingu á milli neyslu íbúprofens og þrjústakrabbameins.

Rúmlega 75 prósent af karlmönnum í Bretlandi gætu verið yfir kjörþyngd eða of feitir árið 2010 samkvæmt nýrri könnun og skýrslu frá Men's Health Forum. Á meðan offita hjá konum hefur tvöfaldast á

síðustu tíu árum þá hefur offita hjá körlum þrefaldast. Sextíu prósent kvenna eru í megrun eða sérstöku mataræði á einhverjum tímamarki en næstum því níutíu prósent offeitara karla segjast aldrei fara í ræktina. Samkvæmt dagblaðinu Mirror vilja rúmlega þrjátíu prósent karla liggja í leti, éta og drekka.

Sex mínútur af æfingu á viku gera jafn mikið og sex klukkustundir af æfingu fyrir líkamann samkvæmt nýrri rannsókn prófessor Martin Giabla. Rannsóknin birtist í tímaritinu Journal of Applied Physiology en 23 konur og karlmenn á aldrinum 25 til 35 tóku þátt og var það prófað hvað þau voru lengi að hjóla þrjátíu kílómetra. Giabla komst að því að fólk getur hætt að stunda líkamsrækt í tvo tíma í senn, þrisvar í viku, og aðeins stundað hana í tvær mínútur í senn, þrisvar sinnum í viku.

heilsa@frettabladid.is



Kafbátur mánaðarins Túnfiskbátur

með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



Gildir í júní 2005
Gildir ekki í Stjórnunumáli
Gildir ekki með öðrum tilboðum

6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 499



Teygjur

Ef setið er lengi við skrifborð stífna vöðvarnir og geta bólgað. Til að koma í veg fyrir þessa kvilla er tilvalið að teygja reglulega yfir daginn, en einfalt er að gera teygjur sitjandi við skrifborðið.



Undirbýr húðina fyrir sólböð

Eykur brúnan húðlit í sól
Viðheldur brúnum húðlit eftir sólböð

1 hylki á dag, fyrir sólböð, á meðan og eftir þau. Staðfest með vísindalegum rannsóknum

Sykurlaus jógúrt!

Hreina lífræna jógúrtin frá Biobú er framleidd án sykurs. Aðeins er notaður lífrænn hrásykur í öðrum jógúrt tegundum frá Biobú.

Bio-Bú

Biobú ehf. • Stangarhyl 3a • Sími: 587 4500 • Netfang: biobu@biobu.is • www.biobu.is

metasys

Bylting í þyngdarstjórnun

Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys

Fyrir konur og karla

Eykur orku og brennslu á við 30 mínútna skokk á dag. Jafnar blóðsykur er vatnslosandi, andoxunaríkt og hressandi.

Fæst í apótekum og heilsubúðum
metasys@simnet.is • www.metasys.is
sími 5517020

Futurebiotics

Framúrskarandi fyrir MELTINGUNA

Byggir upp eðlilega flóru í maga og meltingarvegi

HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI

Fæst í apótekum, heilsubúðum og matvöruverslunum



„Flóin herjar gjarnan á þá sem eru að bardúsa eitthvað á grónu landi, í gördum eða túnnum,“ segir Björn G. S. Björnsson, læknir. Myndin er úr safni.

Kláði og bólga af völdum bits

Skordýrabit er óþægilegur fylgifiskur góðviðrisins. Undanfarið hefur borið óvenju mikið á þeim, ekki síst á svæðinu kringum Ísafjörð. Björn G.S. Björnsson, læknir á heilsugæslustöðinni þar, veit meira.

„Ég reikna með því að þessi bit séu eftir fló því þau eru aðallega á fótum fólks. Það bendir til að kvikindið geti ekki flogið heldur haldi sig við jörðina,“ segir Björn og bætir við að flestir þeir sem til hans hafi leitað vegna bitanna

hafi verið að bardúsa eitthvað á grónu landi, í gördum eða á túnnum. „Það er óvenjumikið af samskonar einkennum, einkum hjá börnum sem hafa verið fáklædd í blíðunni, þannig að mér finnst líklegast að þetta sé eftir sömu óværuna en ég veit ekkert hvaða kvikindi þetta er. Hitt veit ég að það sást ekki svona mikið af þessu í fyrri.“

Björn segir að bitunum fylgi mikill kláði og margir klóri sér til blóðs og fái sár. Útbrotin sjálf vari í tvo til þrjá daga en mun lengri tíma taki fyrir sárin að gróa. „Það getur verið hersli eða fyrirferð í húðinni dálítinn tíma á eftir. Annars er mjög misjafnt

hvernig fólk svarar þessu. Sumir fá mjög miklar bólgur en aðrir litlar,“ segir Björn. En hvað á fólk að gera sem verður svona ein-kenna vart?

„Í apótekum fást áburðir sem ætlaðir eru fyrir skordýrabit og svo gefur maður gömul húsráð eins og að nota spritt eða mentolábúrd sem stillir kláða,“ segir Björn. Að sögn Kristínar Laufeyjar Steinadóttur, lyfjafræðings hjá Lyfju, er kláðastillandi áburður merktur Apóteki á markaðinum. Einnig nefnir hún Xylocain, sem er deyfandi krem oft borið á útbrot en ef um miklar bólgur er að ræða mælir hún með sterakreminu Mildison. ■

Lækning á lifrabólgu C í sjónmáli

Vísindamenn hafa búið sjúkdómnum til á rannsóknarstofu sem gefur vonir um að mótefni sé ekki langt undan.

Bandarískir vísindamenn hafa náð að búa til smitandi lifrabólgu C á rannsóknarstofu í fyrsta sinn. Þetta gefur von um þróun lyfs sem getur séð við vírusnum eins og greint er frá á fréttasiðu BBC, bbc.co.uk. Lifrabólga C er orsök þraláts og stundum banvæns lifrarsjúkdóms sem hefur áhrif á 170 milljónir manna í heiminum. Vírusinn, HCV, er í og smitast með blóði. Í dag er sjúkdómurinn meðhöndlaður með blöndu tveggja lyfja en aðeins fjórúti prósent sjúklunga sýna viðbrögð við þessari meðferð.

Vísindamennirnir komust að því að mólekúl sem kallað er CD81 spilar stórt hlutverk í smitun HCV. CD81 liggur á yfirborði fruma í mönnum en frumur sem bregðast ekki við CD81 eru ónæmar fyrir HCV-sýkingu.



David Marks, fyrrverandi meðlimur Beach Boys, er einn af þeim frægu sem hafa þjáðst af lifrabólgu C en hann læknaðist fyrir stuttu.

SMOOTHIE ávaxtadrykkur

100% hreinn fyrir **þig**

Arka • Sími 899 2363

Futurebiotics

NÆTURBRENNSLA

Undraverður árangur

HÁGÆÐA AMERÍSK FÆÐUBÓTAREFNI

3 hylki fyrir svefn

Fæst í apótekum, heilsubúðum og matvöruverslunum

LifeStream

Aloe Vera Gel +E-vitamin

96% hreint

Fæst í apótekum

Heilsuvörur og matstofa

Opið virka daga kl. 10-20 laugardaga kl. 10-17

maður lifandi Borgartúni 24

LYFJA

Við mælum beinþéttu

Pantaðu tíma
í Lágmúla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600

SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

Taktu á því!

Suma er því sem næst hægt að flokka sem „sérfræðinga“ í að gefa öðrum ráð en á sama tíma vill brenna við að þeir fari ekki alltaf eftir þeim sjálfir sbr. – gerðu það sem ég segi, ekki það sem ég geri. Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir þessu því þetta er ekki óalgengt.

Sá yðar sem syndlaus er! Skál ég fyrstur brjóta ísinn með því að viðurkenna að maður hefur stundum gefið ráð í góðri trú en lent síðan í þeirri aðstöðu að maður gat ekki alltaf fylgt þessum sömu ráðum sjálfur. En við getum í reynd lært mjög marga af því að lenda í þessari aðstöðu.

Allt snýst um endurtekningar

En til þess þurfum við að gera okkur grein fyrir því að lífið er að mörgu leyti eins og líkamsrækt þar sem framfarir nást svo til undantekningalaust með því að endurtaka eitthvað, aftur og aftur og aftur.

Vöðvi og viljastyrkur, hver er munurinn?

Ef við berum það saman að styrkja vöðva og að auka viljastyrk þá gilda að mörgu leyti sömu reglur um þetta tvennt.

Hvað áttu í bekk?

Til þess að styrkja vöðvann byrjum við að lyfta aðeins meiru en vöðvinn er vanur og stigmögnum síðan álagið.

Hvað áttu í viljastyrk?

Til þess að breyta viðhorfinu og t.d. auka viljastyrk tökumst við á við eitthvað sem gerir meiri kröfur til okkar en við höfum vanist áður sem leiðir til þess að við styrkjum okkar „andlegu vöðva“.

Það vill reyndar svo vel til að rannsóknir hafa sýnt að þeir sem stunda líkamsrækt eiga 70% auðveldara með að taka ákvarðanir en aðrir. Ef við stundum reglulega líkamsrækt kemur þetta þannig að mestu leyti af sjálfu sér.

Þannig getum við slegið tvær flugur í einu höggi með því að stunda reglulega hvers konar líkamsrækt! Það er í sjálfu sér mjög einfalt. Hins vegar eru einföldustu hlutirnir oft erfiðastir í framkvæmd!

Við því er aðeins ein lausn:

Taktu á því!

Þetta og önnur hollráð er að finna á vefsvæði Heilsuráðgjafar: www.heilsuradgjof.is

Sölvi Fannar Viðarsson

Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkabjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



Barnshafandi borði nóg

BÖRNUM VANNÆRÐRA MÆÐRA ER EKKI SÍÐUR HÆTT VIÐ OFFITU

Nýlegar rannsóknir sem gerðar voru við Kyoto háskóla í Japan sýna fram á að börn mæðra sem eru vannærðar á

meðgöngunni eiga frekar á hættu að verða of feit en ekki og gætir aukinnar matarlystar og sókn í fitu nánast frá fæðingu. Ástæðan er sú að skortur á nauðsynlegum næringarefnum í fæðunni sem fóstrið fær frá móðurinni verður til þess að hormónið leptín sem stjórnar matarlyst brenglast og gefur skilaboð um mun meiri næringarinntöku en þörf er á. Konur þurfa því að gæta þess á meðgöngu að vera hvorki of- né vannærðar.



Barnshafandi konur verða að borða passlega að koma í veg fyrir að börnin verði of feit.

Gallery fiskur

Í verslun fyrir 17. júní

Löngusteikur með ostamauki vafðar í parraskinku

Saltfiskur á rósti kartöflu með grillaðri papriku og chilli rækjum

Grillpinnar með humri, lax og lúðu

Fiskipönnukökur í indverskum stíl

Grillmarineraðar fisksteikur

Lokað 17. júní

Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00 & 18:00-22:00, lau. 18:00-22:00

Verslun: mán.-fös. 10:00-18:30

Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882

www.galleryfiskur.is

Futurebiotics

KOLVETNABLOKKARI

Minnkar sykurlöngun og virkar vatnslosandi

2 hylki fyrir kolvetnaríka máltíð

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og matvöruverslunum

Flott í sumar

Ný tæki - Betra verð!

SLENDERTONE MAX 12.900.- kr.

SLENDERTONE FLEX 17.900.- kr.

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

Hjá okkur færð þú:

- FRIÐLA KÖNUN
- HÖN VIL FRIÐLA HAGAÐUR
- SÖNNVÖÐURKUN Á VILJASTYRK
- LEBN LÖTUKUNINGUR
- HÖN VIL TÖMUNA Í HAGAÐUR
- AGÐU WIFE
- ALIÐ TÖMUNA
- PERSÓNLEGA FÖSTU TÖMUNA
- FLÖGDU ÖÐ KÖNUN
- STYRPUÐUR VILJASTYRK
- VÖÐVA OG SÖM SÖMUN
- NÖM UNNAR SÖMUN

Vítamín fyrir börnin!

Frábær leið til að fá börn til að taka vítamín

Fjölvítamín og C-vítamín gúmmibirnir án allra gervi og litarefna.

FÆST Í HAGKAUP

www.karon.is

SPIRULINA

Orkupakki náttúrunnar

Aðeins 898 kr.

Spirulina er blágrænn svíþörungur sem inniheldur meira af æskilegum næringarefnum fyrir okkur en nokkur önnur þekkt planta, korn eða jurt.

Höfum í einkasölu 186 fm einbýlishús með stórum bílskúr, þremur svefnherbergjum og auka-herbergi í kjallara. Gott hús á einstaklega góðum og fallegum stað. Gróinn og fallegur garður.
Verð 25.600.000.

HÖU
www.heit.is

Tákn um traust
5959000

Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali

Akrasel Einbýlishús



Fallegt og vel staðsett einbýlishús á tveimur hæðum samtals 217 fm auk ca 40 fm rými sem er ekki inni í fm tölu, gott hús með mikla möguleika.
Verð 44,2 millj.

HÖU
www.heit.is

Tákn um traust
5959000

Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali

Tunguheiði



Hörku góð 65,8 fm 2ja herbergja íbúð á efri hæð í fjórþýlishúsi, íbúðin er afar björt og skemtileg möguleiki er á að gera aukaherbergi á kostnað geymslu, þetta er góð eign þar sem er stutt í skóla og helstu þjónustur, og ekki skemmir fyrir að útsýnið er gríðarlegt.
Verð 14,6 millj

EIGNALISTINN

fasteignasala

Félag Fasteignasala

www.eigna.is

Kringlunni 4 - 6 Norðurturni, 10. hæð • 103 Reykjavík • Sími 530 4600 • Fax 530 4609 • eigna@eigna.is

Sigurður Örn Sigurðarsson, löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS 101 RVK



OPIÐ HÚS Í DAG 18-20 NJÁLSGATA 23 "GENGIÐ INN FRÁ FRAKKASTÍG"

2ja herb. 56,9 fm miðhæð. Töluvert endurnýjað í íbúðinni. Lítið en snyttilegt eldhús, baðherbergi með sturtu, ágætlega rúm gott svefnherbergi með fataskápum, forstofa með fatahengi. Parket á gólfum, góð geymsla, sameiginlegt þvottarými á jarðhæð.
V: 13,3 millj.
ÓMAR TEKUR VEL ÁMÓTI GESTUM.

OPIÐ HÚS SELJAHVERFI



OPIÐ HÚS Í DAG 19-20 DALSEL 15

Góð og vel skipulögð, 109,6 fm, 4ra herb. íbúð á jarðhæð ásamt staði í bílskylí. Þvottahús innan íbúðar flisar á stofu, hól og eldhúsi. Sameign í góðu viðhaldi. Stutt í skóla og þjónustu.
V: 19,5 millj.
JÓHANNES TEKUR VEL Á MÓTI FÓLKI.

ÁRBÆR - KVÍSLAR



BLEIKJUKVÍSL / ÁRBÆR: Stórt og reisulegt einbýlishús á góðum útsýnisstað. U.þ.b. 80 fm íbúð á jarðhæð með sérinnangi, nýl. endurinnréttuð, parket á gólfum. 65 fm bílskúr. Sérsmíðaðar innréttingar á efri hæð, arinn í stofu, góður sólpallur, baðherbergin eru flísalögð í hól og gólf. **Glæsileg eign sem vert er að skoða nánar.**
V 55 millj.

101 REYKJAVÍK



BRÁVALLAGATA

Góð 3ja herbergja, 84 fm miðhæð í velviðhöldnu húsi. Mikil endurnýjað í íbúðinni t.d rafmagn, eldhús ofl. Góð herbergi, rúm-góð geymsla í kjallara. Góðar suð-vestur svalir. Laus **1. sept.05 V: 18,9 millj.**

SKUGGAHVERFI



101 SKUGGAHVERFI.
157,5 fm GLÆSI ÍBÚÐ Í HJARTA REYKJAVÍKUR"

Meiri loft hæð en almennt gerist, eða um 2,7 m Góð hljóðeinangrun milli íbúða og hæða Fullkomið fjarskiptakerfi. Sérstök gestsnyrting Þvottaherbergi innan íbúðar Sameiginleg þjónusta, þríf á sameign umhirda á lóð og almennt viðhald. Háhraðatenging fyrir samskiptataeki. Lyfta. Rúmgott staði í bilageymslu. 12,8 fm geymsla **TILBÚIN TIL INNRÉTTINGA. SKIPTI Á STÆRRI EIGN KOMA TIL GREINA.**
V:35 MILLJ.

SAFAMÝRIN



ÁLFTAMÝRI Góð íbúð á 4.hæð í vel viðhöldnu húsi á þessum eftirsóknarverða stað. Svefnherbergi með fataskápum. Suður- svalir, þvottahús og geymsla í sameign.
V: 15,5 millj.

GRAFARVOGUR - HÚSAHVERFI



GRAFARVOGUR - VEGHÚS.

Góð 4ra herb. 112,8 fm íbúð á 2. hæð í vel viðhöldnu fjölþýli. Þvottahús innan íbúðar, baðherbergi flísalagt í hól og gólf, baðkar og sturta. Mjög gott skáparými í herbergjum, eldhús með góðri spautulakkaðri innréttingu. Sameignin er mjög góð
V: 20,1 millj.

VESTURBÆR



HRINGBRAUT

3ja Herbergja 82,1 fm íbúð. Eldhús með nýum tækjum, rúmgóð stofa, hjónaherbergi með góðu skápláss og útgengi á suðvestursvalir, barnaherbergi með fataskáp, baðherbergi með baðkari flísalagt í hól og gólf, geymsla á hjarðhæð.
V 15,5 millj.

FYRIRTÆKI

ÍSÚÐ / SÖLUTURN

Ein af þekktari ísbúðum Vesturbæjar, auk is er selt á staðnum, sælgæti, tóbak, samlokur, Lottó, tímarit ofl.**Tilboð óskast í reksturinn!**
Uppl á skrifstofu Eignalistans.

EIGNASKIPTI

HÖFUM VERIÐ BEÐIN UM AÐ FINNA FYRIR VIÐSKIPTAVIN GOTT RAÐHÚS EÐA HÆÐ MEÐ SÉRINNAGANGI AÐ VERÐ ALLT AÐ 40 MILLJ, Á REYKJAVÍKURSVÆÐINU. Í SKIPTUM FYRIR EINBÝLISHÚS MEÐ AUKAÍBÚÐ VERÐ 65 MILLJ.

FYRIRTÆKI

SÖLUTURN / ÍSÚÐ / GRILL

SKARI / NESTURNINN við sundlaug Seltjarnarness. . UM ER AÐ RÆÐA BÆÐI HÚSNÆÐI OG REKSTUR Til greina kemur að leigja út reksturinn. **TILBOÐ ÓSKAST** Uppl. gefur Ólafur á skrifstofu Eignalistans



ÖRUGG MIÐLUN FASTEIGNA
Után opnunartíma Eignalistans er sími sölumanna: 864-1243

SUMARHÚS



SUMARHÚS NYSMÍÐI:
Vönduð sumarhús, stærðir 59,4 fm og 63,4 fm. 3. afhendingastig verð frá 3.9 millj.
Nánari upplýsingar gefa sölu-menn **Eignalistans S: 530-4600**

CHE GUEVARA (1928-1967)
fæddist þennan dag.



„Mér er sama þó ég falli svo lengi sem
einhver annar tekur upp vopn mitt og
heldur áfram að skjóta.“

Che Guevara var argentískur uppreisnarmaður sem tók þátt
í júliuppreisn Fidel Kastro á Kúbu.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Bligh skipstjóri bjargast

Þennan dag árið 1789 náði Bligh skipstjóri ásamt átján öðrum sem lifðu af uppreisnina á Bounty í höfn í Timor í Austur-Índíum. Þeir höfðu þá ferðast nærri fjögur þúsund mílur í litlum opnum báti. Þann 28. apríl hafði Fletcher Christian, fyrsti stýrimaður breska herskipins Bounty, staðið fyrir vel heppnaðri uppreisn gegn skipstjóranum og stuðningsmönnum hans. Skipið hafði verið að flytja brauðaldingræðlinga frá Tahítí til að hægt væri að planta þeim í nýlendum Bretá í Karabíska hafinu. Ferðin sóttist illa og var erfið. Slæmt andrúmsloft ríkti milli skipstjórans, yfirmanna og áhafnar.

Bligh, sem þurfti að eiga við þrjár uppreisnir á ferli sínum, var harðráður stjórnandi og móðgaði undirmenn sína. Þann 28. apríl tók Fletcher ásamt 25 öðrum áhafnar meðlimum stjórnina á skipinu og setti skipstjóran ásamt nokkrum öðrum á flot í lítilli kænu en lét þeim í té talsvert af vistu. Þó þótti ljóst að með þessu væru mennirnir um borð í bátnum dauðadæmdir enda staddir í opnum yfirfylltum báti á miðju Kyrrahafi. Hins vegar sýndi Bligh ótrúlega sjómanshæfileika og tókst á sjö vikum að koma bátnum í höfn í Timor. Bligh snéri aftur til Bretlands og



14. JÚNÍ 1789 Bligh skipstjóri

sigldi fljótlega aftur til Tahítí þar sem hann lauk ætlunarverki fyrir ferðar sinnar að flytja brauðaldingplöntur til Vestur-Índía.

MERKISATBURÐIR

- 1940 Þjóðverjar þramma inn í París án mótspyrnu.
- 1949 Þyrlu er flogið á Íslandi í fyrsta sinn. Hún var flutt til landsins svo hægt væri að reyna slíka vél við björgunarsstörf og strandgæslu.
- 1975 Ferjan Smyrill kemur til Seyðisfjarðar í fyrsta sinn. Þar með hefjast ferjusamgöngur milli Færeyja og Íslands.
- 1982 Samið er um vopnahlé í Falklandseyjastriðinu.
- 1986 Fyrsta hjartaaðgerðin er framkvæmd hér á landi.
- 1996 Djassdrottningin Ella Fitzgerald andast.



Okkar ástkæri

Jörundur Sigurgeir Sigtryggsson

Andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 11. júní sl. Jarðarförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 18. júní kl. 14.00.

Helga Sigurgesdóttir Hjálmfríður Guðmundsdóttir
Eygló Harðardóttir Runólfur Pétursson
Sigríður H. Jörundsdóttir Hálfán Óskarsson
Linda Jörundsdóttir Guðmundur Geirdal
Martha Jörundsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.



BLÓÐGJÖF ER LÍFGJÖF Eins og víða um heim verður alþjóðlegi blóðgjafadagurinn haldinn hátíðlegur í Blóðbankanum í dag.

TÍMAMÓT: ALPJÓÐLEGI BLÓÐGJAFADAGURINN HALDINN HÁTÍÐLEGUR

Blóðgjafar fá rauða rós frá blómabændum

Blóðgjafar sem gefa blóð í Blóðbankanum í dag fá rauða rós að launum frá blómabændum. Eins og víða um heim verður alþjóðlegi blóðgjafadagurinn haldinn hátíðlegur í Blóðbankanum í dag og er það gert til að heiðra blóðgjafa fyrir óeigingjarnt starf í þágu sjúkra. Boðið verður upp á grillaðar pylsur í bakgarði Blóðbankans við Barónstíg og kynning verður á starfsemi banks og blóðgjafafélagsins.

Blóðbankinn þarfnast 70 blóðgjafa á dag allan ársins hring. Marín Þórsdóttir, upplýsingafulltrúi, segir það ganga ágætlega að ná þeim fjölda inn. Hins vegar geti sumrin verið svolítið erfið þar sem blóðgjafar eru í sumar-

fríi. „Það er því mikilvægt að blóðgjafar muni eftir okkur áður en þeir fara í fríið,“ segir Marín en hún segir alla velkomna að líta við til klukkan þrjú í dag.

Marín segir að yfirleitt sé hringt í fólk til að ná þeim fjölda sem þarf á hverjum degi. Hins vegar sé alltaf hópur sem gangi inn þegar þeir eigi leið hjá. „Við eigum mjög góðan blóðgjafahóp sem er mjög dyggur, en hann eldist líka og því mikilvægt að viðhalda honum,“ segir Marín en þeir sem koma til blóðgjafar í fyrsta sinn gefa einungis blóðprufu sem síðan er send í blóðrannsókn. Ef blóðgjafinn heyrir ekki frá Blóðbankanum í tvær vikur er hann velkominn að

gefa fulla blóðgjöf sem er um 450 millilítrar. Marín segir þá sem gefa blóð reglulega vera mjög dýrmæt. „Sumir koma á þriggja, fjögurra mánaða fresti alveg eins og klukkur,“ segir Marín sem telur að þeir sem hafi komið oftast hafi gefið yfir 120 gjafir á lífsleiðinni.

Marín segir Blóðbankabíllinn hafa aukið sýnileika banks í Þjóðfélaginu og sé mikilvæg áminning fyrir fólk um að blóðgjöf sé lífgjöf. „Án blóðgjafa væri lítið um uppskurði eða aðgerðir á spítulunum,“ segir Marín sem telur alþjóðlega blóðgjafadaginn mjög mikilvægan þar sem hann sé viðurkenning fyrir þá blóðgjafa sem vinni þetta góðverk. ■



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Kristín Stefánía Magnúsdóttir

Kirkjuvegi 1, Keflavík,

verður jarðsöngin frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 15. júní kl. 14.00.

Magnús Þór Helgason
Einar Magnússon Ingibjörg Bjarnadóttir
Grétar Magnússon Margrét Borgþórsdóttir
Guðríður Magnúsdóttir Magnús Karlsson
barnabörn og barnabarnabörn



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnhildur Þorgeirsdóttir

Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Álfaskeiði 49, Hafnarfirði

lést þann 11. júní sl. á Hrafnistu í Hafnarfirði.

Þorgeir Sæmundsson Margrét Guðmundsdóttir
Helgi Sæmundsson Guðbjörg Harðardóttir
Barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þorbjörg Einarsdóttir

Hóli, Stöðvarfirði,

lést laugardaginn 11. júní.

Nanna Ingólfssdóttir
Eysteinn Björnsson Anna G. Njálssdóttir
Lára Björnsdóttir Ingólfur Hjartarson
Guðbjörg Ólöf Björnsdóttir Lars-Göran Larsson
Björn Björnsson Lára G. Hansdóttir
Einar S. Björnsson Þorgerður Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn




Fósturfadir og bróðir okkar,

Gísli Jósefsson

málarameistari,

sem lést mánudaginn 6. júní, verður jarðsöngin frá Grafarvogskirkju á morgun miðvikudaginn 15. júní kl. 13.

Matthildur Hafsteinsdóttir,
Sævar Hafsteinsson,
Magnús Jósefsson,
Ragnheiður Jósefssdóttir.



Sumar gjafir skipta öll börn máli!

Gefum börnum góða sumargjöf

ANDLÁT

Svava Eggertsdóttir frá Vestmannaeyjum er látin.

Elisabet Finnbogadóttir lést á Líknaardeild Landspítalans mánudaginn 6. júní. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Ragnhildur Þorgeirsdóttir, Hrafnistu, áður Álfaskeiði 49, Hafnarfirði, lést þann 11. júní að Hrafnistu í Hafnarfirði.

JARÐARFARIR

11.00 Jón Hallgrímsson, áður til heimilis á Kleppsvægi 28, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju.

13.00 Rósa Einarsdóttir verður jarðsöngin frá Garðakirkju.

13.00 Hörður Jónasson, Hraunvangi 1, Hafnarfirði, verður jarðsöngin frá Langholtiarkirkju.

13.30 Guðný Skjöldal Kristjánsdóttir, Lindarsíðu 2, Akureyri, verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju.

15.00 Dallas Harms Steinthorsson verður jarðsöngin frá Fossvogskapellu.

Stjörnur spila golf og styrkja sjúka

Stjörnugolf 2005 verður haldið á Hvaleyrarvelli í dag þegar hópur þjóðþekktra Íslendinga spilar golf til styrktar góðu málefni. Í þetta sinn rennur ágóði mótsins til MND félagsins.



UPPHAFSMENN Þeir Björgvin Vilhjálmsson og Ágúst Guðmundsson standa fyrir Stjörnugolfi 2005 til styrktar MND félagsins.

Sannkallað stjörnustríð verður á Hvaleyrarvelli í dag þegar nokkrar þjóðþekktar stjörnur etja kappi hver við aðra á árlegu Stjörnugolfi 2005. Í ár rennur allur ágóði mótsins til MND félagsins til rannsókna á þessum sjaldgæfa og ólæknalega sjúkdómi. MND er taugahrönnunar-sjúkdómur sem þrír til fimm Íslendingar greinast með á hverju ári. Sjúkdómurinn ágerist venjulega hratt og af honum leiðir máttleysi og lömun en vitsmunalegur styrkur helst þó óskaddaður. Líftími sjúklunga eftir að þeir fá sjúkdóminn er frá einu upp í sex ár en sumir lifa lengur.

Golfáhugamennirnir Björgvin Freyr Vilhjálmsson og Ágúst Guð-

mundsson eru upphafsmenn mótsins. Þeir fengu hugmyndina í fyrra og vildu láta gott af sér leiða. Þar sem söfnunin fyrir Barnaspítala Hringins gekk framur vonum ákváðu þeir að slá upp öðru slíku móti og búast við að geta

félögum. Það eru Bónus, Brimborg, Icelandair og KB-banki. „Þetta væri óhugsandi án þeirra,“ segir Björgvin.

Þær stjörnur sem munu veita málefnið lið með þátttöku í Stjörnugolfinu eru meðal annars Eyjólfur Sverrisson og Arnór Guðjohnsen knattspyrnumenn, Logi Bergmann Eiðsson, Laddi, Arnar Jónsson og Stefán Hilmarsson, ásamt mörgum fleirum.

solveig@frettabladid.is

STJÖRNUSTRÍÐ
Mikill fjöldi þjóðþekktra Íslendinga tekur þátt í móti. Þeirra á meðal eru þeir Eyjólfur Sverrisson fyrrverandi landsliðsmaður í knattspyrnu, Stefán Hilmarsson tónlistarmaður og Hermann Gunnarsson þáttastjórnandi.



Sendu SMS skeytið
BTL GAME
á númerið 1900
og þú gætir unnið.

Þú gætir unnið:
God of War
Kippur af Coca Cola
DVD myndir
Aðra tölvuleiki
Og margt fleira.

12. hver vinnur Þennan Verða ALLIR að eiga

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klíbb. 199 kr/skeytið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

www.toyota.is

Pláss fyrir fleiri ævintýri



COROLLA WAGON. Fjölskyldubíll með ferðaprá.

Corolla Wagon er freistandi kostur fyrir fólk sem langar bæði til að njóta lífsins í borginni og ferðast á eigin vegum. Hönnunin er stílhrein og gleður augað en ekkert er gefið eftir þegar kemur að notagildi. Innanrými er sérstaklega vel skipulagt með þægindi og nýtingu í huga og gefur mögu-

leika á miklu farangursrými. Corolla Wagon er sparneytinn og ríkulega hlaðinn staðalbúnaði.

Líttu inn, skoðuðu og reynsluaktu nýjum Corolla Wagon.

Verðlistaverð	1.849.000 kr.	Einkaleiga	34.200 kr.*
Tilboðsverð	1.756.000 kr.	Bílasamningur	21.060 kr.**

* pr. mán. Miðast við 36 mán. leigu og 136.000 kr. í tryggingafé.

** pr mán. Miðað við 84 mán. samning og 20% útborgun.



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070



Heyrst hefur ...

... að ef Óli Stefán Flóventsson, fyrrum fyrirliði Grindavíkur og leikjahæsti leikmaður félagsins frá upphafi, fá sig lausan undan samningi sínum við Grindavík þá gangi hann til liðs við Framara og spili með þeim út sumarið. Óli Stefán lenti í útistöðum við Milan Stefán Jankovic, þjálfara liðsins og ákvað í kjölfarið að hætta að spila með liðinu.

sport

sport@frettabladid.is

BJARNI HÓLM AÐALSTEINSSON Í LIÐI ÍBV: MARINN EFTIR KRISTJÁN FINNBOGASON MARKVÖRD KR

Kristján sparkaði í mig

Ljóst far er á baki Bjarna Hólms Aðalsteinssonar, leikmanns ÍBV, eftir spark sem hann fékk frá markverðinum Kristján Finnbogasoni hjá KR eftir leik liðanna á sunnudag. Þeir lentu saman í baráttu um boltann á 74. mínútu leiksins og féllu báðir, dómariinn dæmdi Bjarna brotlegan. „Þegar við vorum að fara að standa upp þá sparkar Kristján skyndilega í bakið á mér. Ég var náttúrulega ekki ánægður með það, stóð upp og hljóp að honum en hann er nánast dottinn áður en ég kem við hann! Það er þá sem ég fæ að líta rauða spjaldið og er rekinn í sturtu.“ sagði Bjarni Hólm.

Því er ljóst að Bjarni þarf að taka út leikbann sem hann er ekki sáttur við. Það eru slæm tíðindi fyrir ÍBV, sem sigr-

aði leikinn gegn KR 2-1, því leikmannahópur liðsins er ekki breiður og baráttan í deildinni er ströng.

„Ég er alveg helaumur í bakinu eftir þetta og þetta er í raun verra en það lítur út fyrir að vera. Það er nokkuð ljóst að

Er helaumur

þetta er mál sem eitthvað þarf að fara að skoða, þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kristján gerir svona hluti.“ sagði Bjarni en í byrjun móts var mikið rætt um háskaleg úthlaup Kristjáns eftir atvik í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar þegar KR og Fylkir áttust við.

Dómaramir þora ekki að taka á þessu, þetta getur verið alveg stórhættulegt. Markverðir komast upp með mun meira en aðrir leikmenn og því þarf að breyta.“ sagði Bjarni.



> Við orðnir leiðir á ...

... að horfa upp á Kristján Finnbogason, markvörð og fyrirliða KR, komast upp með hvert ljóta brotið á fætur öðru án þess að fá neina refsingu hjá



dómurum. Kristján hefur ekki enn fengið spjald í Landsbankadeildinni þrátt fyrir að hafa brennimerkt tvo leikmenn mótherjanna með takkaskóm sínum.

> Við vonumst eftir ...

... að Óli Stefán Flóventsson spili aftur í Landsbankadeild karla í sumar, hvort sem það verður með Grindavík eða einhverju öðru liði. Óli Stefán lék mjög vel með Grindavík í fyrstu fjórum leikjunum í sumar og var einn af lykilmönnum Suðurnesjaliðsins.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

11 12 13 14 15 16 17

Þriðjudagur

LEIKIR

- 20.00 **Stjarnan** tekur á móti **Breiðablíki** á Stjörnuvelli í Landsbankadeild kvenna.
- 20.00 **KR** tekur á móti **Keflavík** á KR-velli í Landsbankadeild kvenna.
- 20.00 **ÍA** tekur á móti **FH** á Akranesvelli í Landsbankadeild kvenna.

SJÓNVARP

- 7.00 **Olífsport** á Sýn. Endursýnt þrisvar til viðbótar til 9.00 og svo aftur klukkan 17.45.
- 19.00 **Úrslitakeppni NBA** Annar leikur San Antonio og Detroit endursýndur.
- 21.00 **Toyota-mótarróðin** í golfi á Sýn. Annað stigamótíð fór fram í Vestmannaeyjum um helgina.
- 22.00 **Olífsport** á Sýn.
- 23.15 **Bestu leikir NBA** á Sýn. Leikur Chicago og Phoenix í lokaúrslitunum 1993.
- 1.00 **Úrslitakeppni NBA** Þriðji leikur San Antonio og Detroit sýndur beint. San Antonio er komið í 2-0.

Kvennahandboltinn:

Alla fer í Val

HANDBOLTI Alla Gokorian hefur ákveðið að semja við Val og spila með liðinu næsta vetur en auk þessa hefur ein efnilegsta handboltakona landsins, Rebekka Skúladóttir, gengið til liðs við Val frá ÍR.

Alla hefur síðustu ár spilað með ÍBV en hún hóf ferilinn á Hlíðarenda. Rebekka Skúladóttir er systir landsliðskvennanna Hrafnhildar, Drífu og Dagnýjar Skúladóttira.

Ljóst má vera að Valsstúlkur verða nokkuð sterkar á komandi leiktíð, því auk Öllu og Rebekku hefur liðið endurheimt fyrirliðann Sigurlaugu Rúnarsdóttur, Drífu Skúladóttur, Kolbrúnu Franklín, Hafdísu Hinriksdóttur og Eygló Jónsdóttur er komin heim eftir dvöl í Víkinni.

Sex stoðsendingar í tveimur leikjum

Guðmundur Benediktsson er fyrsti leikmaðurinn í úrvalsdeildinni sem nær að leggja upp þrjú mörk í tveimur leikjum í röð en hann hefur lagt upp 7 af 15 mörkum Valsmanna í sumar.

FÓTBOLTI Guðmundur Benediktsson hefur þegar afrekað það tvisvar sinnum í fyrstu fimm leikjunum sem hann náði aldrei á glæstum níu ára ferli sínum í Vesturbænum.

Guðmundur hefur náð tveimur stoðsendinga-þrennum í síðustu tveimur leikjum Valsliðsins, átti þrjú stoðsendingar í 3-0 sigri á Fram og svo aðrar þrjú í 5-1 sigri liðsins í Keflavík um helgina. Guðmundur hefur kannski bara skorað eitt mark í sumar, í 1. umferð gegn Grindavík, en hlutverk hans hjá Val snýst um allt annað en að skora mörkin, hann brýtur upp leik liðsins og er orðinn mjög hættulegur í öllum föstum leikatriðum sem hafa verið að skapa mikla hættu að undanförmum.

Guðmundur lagði upp mark fyrir Garðar Gunnlaugsson í 2-0 sigri á Skagamönnum í annarri umferð, hann lagði upp öll þrjú mörkin í 3-0 sigri á Fram en þau skoruðu Matthías Guðmundsson, Sigþór Júlíusson og Baldur Aðalsteinsson og í Keflavík lagði hann upp skallamörk fyrir Atla Svein Þórarinsson og Baldur Aðalsteinsson úr hornspyrnum og loks mark fyrir Garðar Gunnlaugsson á lokamínútum leiksins en Garðar hafði komið inn á sem varamaður.

Stoðsendingar hafa verið skráðar í efstu deild síðan 1992 og er þetta í fyrsta sinn sem leikmaður nær að gefa þrjú stoðsendingar í tveimur leikjum á sama tímabilinu og hvað þá í tveimur leikjum í röð. Guðmundur gaf 37 stoðsendingar með KR á árunum 1995 til 2004 en náði aldrei að leggja upp fleiri en tvö mörk í einum og sama leiknum.

Aðeins 4 með tvær þrennur

Guðmundur er í raun aðeins 16. leikmaðurinn frá 1992 sem nær umræddri stoðsendingaþrennu og aðeins þrjú aðrir hafa náð því tvisvar sinnum á ferlinum. Haraldur Ingólfsson gaf fjórar stoðsendingar með ÍA gegn ÍBV 1992 og 3 stoðsendingar með ÍA gegn Breiðablíki 1994, Bjarki Gunnlaugsson gaf þrjú stoðsendingar fyrir ÍA gegn ÍBV 1992 og KR gegn Víkingi 1999 og Veigar Páll Gunnarsson gaf þrjú stoðsendingar með Stjörnunni gegn Leiftri 2000 og endurtók síðan leikinn með KR gegn ÍA þremur árum seinna.

Guðmundur hefur nú gefið 49 stoðsendingar í 152 leikjum í efstu deild, fimm fyrir Þór Akureyri, 37 fyrir KR og sjö fyrir Val. Haraldur Ingólfsson hefur gefið flestar stoðsendingar frá því að skráning



STÓRHÆTTULEGUR Guðmundur Benediktsson hefur spilað frábærlega með Valsliðinu í fyrstu fimm umferðum Landsbankadeildarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

þeirra hófst fyrir 13 árum en hann gaf 59 stoðsendingar á félagi sína í Skagaliðinu. Guðmundur er sem stendur í 3. sætinu, þremur stoðsendingum á eftir Inga Sigurðssyni og verður þriðji leikmaðurinn frá upphafi til að leggja upp 50 mörk þegar hann gefur næstu

stoðsendingu.

Næsti leikur Valsmanna er gegn Íslandsmeisturum FH á Hlíðarenda á morgun og nú er að sjá hvað Guðmundur gerir gegn hinni sterku vörn FH sem hefur aðeins fengið á sig tvö mörk í fyrstu fimm umferðunum.

ooj@frettabladid.is

Manu Ginobili, Argentínamaðurinn í liði San Antonio í miklu stuði gegn Detroit:

San Antonio Spurs komið í lykilstöðu

KÖRFUBOLTI San Antonio Spurs hafa unnið fyrstu tvo leikina í úrslitaeinvíginu við Detroit Pistons um NBA titilinn í körfuknattleik, en öðrum leiknum lauk í fyrrinótt með 97-76 sigri. Argentínamaðurinn Manu Ginobili fór enn einu sinni á kostum í liði heimamanna en hann var stíghæstur í liði Spurs með 27 stig.

Heimavöllurinn hefur reynst Spurs vel undanfarin ár og hafa þeir ekki tapað fyrir Pistons þar í sjö ár. Larry Brown, þjálfari Pi-

stons, sagði stöðuna erfiða. „Það er erfið að lenda tvö núll undir á móti liði sem er jafn sterkt og Spurs á heimavelli. Vonandi náum við sýna jafn góðan leik og þeir á okkar velli, þar sem stuðningsmenn okkar eru frábærir.“

Brown dáðist af körfuboltanum sem Spurs spilaði. „Þeir léku einfaldan og fallegan körfubolta með hinn frábæra Manu Ginobili í broddi fylkingar. Hann hefur reynst okkur erfiður en við munum reyna að finna leið til þess að

stoppa hann. Það eina sem við getum gert núna er að hugsa um okkur sjálfa og spila okkar leik. Ef ég gæti látið Ginobili spila illa, þá myndi ég gera það.“

Gregg Popovich, þjálfari San Antonio, sagði stöðuna sem komna væri upp reyna á lið sitt. „Það er oft auðveldara að bregðast við því að tapa heldur en að vinna. Við þurfum núna að vera þolinmóðir og einbeita okkur að því að spila okkar körfubolta.“

-mh



26,5 STIG Í LEIK Manu Ginobili hefur skorað 26,5 stig í leik og hitt úr 67% skota sinna í fyrstu tveimur úrslitaleikjunum gegn Detroit.

GETTYIMAGES

Liðin í áttunda riðli í undankeppni HM 2006: Öll liðin í okkar riðli komin með æfingaleik 17. ágúst

FÓTBOLTI Ungverjar tryggðu sér í gær vináttulandsleik við Argentínnumenn sem fram fer 17. ágúst næstkomandi í Búdapest.

Þar með er það ljóst að allar þjóðirnar í okkar riðli í undankeppni HM, nema Ísland, eru komin með vináttulandsleik 17. ágúst en FIFA hugsar þennan dag sem tækifæri fyrir vináttulandsleiki auk þess sem fjölmennustu riðlarnir nýta hann einnig til að spila leiki í undankeppninni.

Íslenska landsliðið hefur ekki enn tryggt sér leik þennan dag og því stefnir í það að liðið fá engan undirbúningsleik fyrir næstu

leiki í undankeppninni sem eru gegn Króatíu á Laugardalsvelli um 3. september og Búlgaríu fjórum dögum síðar í Sofíu.

Þrjú af bestu liðum heims, samkvæmt styrkleiklista FIFA, mæta liðum úr 8-riðlinum. Brasilíumenn (1. sæti) heimsækja Króata, Svíar fá Tékká (2. sæti) í heimsókn og Ungverjar taka eins og áður sagði á móti Argentínu (3. sæti). Þá taka Búlgarar á móti Tyrkjum (14. sæti) og Maltverjar fá Norður-Íra í heimsókn en allar þjóðirnar í 8. riðli spila þessa leiki á heimavelli.

-ooj

Húsbyggjendur * Verktakar * Hönnuðir



Efni rannnsakað hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins rannsókn nr H85/216 Type A og Type B

KISILL

Ánanaust 15 • Sími 551 5960



VILLI ENGINN KOMA TIL ÍSLANDS? Landsliðsþjálfarinnir fá engan æfingaleik til þess að undirbúa liðið fyrir leikina í haust.

ALLIR DAGAR TILBOÐSDAGAR



SÚPERBYGG

Öll helstu merkin í verkfærum. Ótrúlegt úrval af BMF festingum, boltum, skúfum og saum. Sjón er sögu ríkari.


Súperbygg, þar sem þú færð meira fyrir minna.

allt að **50%** ódýrari



3.900 kr

REGNGALLASETT LUXUS s, m, l, xl og xxl



990 kr.

MALARSKÓFLA




19.890 kr.

GREINATÆTARI BLACK & DECKER



5.980 kr.

HEKKKLIPPA



2.500 kr.

RAFMAGNHÉFILL



verð frá 5.900 kr.

HITASTÝRT STURTUTÆKI



79.990 kr.

BORÐSÖG 2200 W



5.450 kr.

LETTAVAGN



verð frá 2.950 kr.

SLÁTTURORF



11.990 kr.

BÚTSÖG Á SLEÐA



18.490 kr.

DEWALT SDS PLUS BORHAMAR 650W



89.990 kr

JARÐVEGSPJAPPA HONDA GX 160



5.990 kr.

FLÍASÖG



9.990 kr.

FJÖLNOTA STIGI VINNUPALLUR



690 kr. PR. STK.

HÍRFA, BEÐAKLÓRA, BEÐASKAFA



699 kr.

HANDSÖG JACK 550 MM



GOTT VERÐ

RYÐFRÍAR SKÚFUR



1.950 kr

BÓNVEL



1.390 kr. pr.stk

STUNGUSKÓFLA GAFFALL



verð frá 290 kr.

LAUFAHRÍFUR



390 kr. pr.stk

PLÖNTUSKÓFLUR GAFFALL OG KLÓRA FISKARS



9.990 kr.

MOSATÆTARI



24.900 kr.

ÚTIGRILL / ARINN



1.090 kr

GREINA-KLIPPUSETT



430 kr.

STRÁKÚSTUR



15.600 kr.

GASHITIARI 13kw hæð 220cm



2.190 kr.

SKÓFLA OG STRÁKÚSTUR



390 kr.

GARÐKANNA 10 l.



3.690 kr.

HJÓLBÖRUR 80 l.



VERÐ FRÁ 150 kr.

MÚRBALAR OG MÚRFÖTUR

Opið mán-fös 8-18 og lau 9-15

Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður
Sími: 414-6080

SÚPERBYGG
- meira fyrir minna



Laserprentari

HP laserjet 1020 Q5911A

- Prenttækni: Monochrome laser
- Hraði: 14 bls. á min.
- 10 sek. í fyrstu síðu út eftir kaldræsingu
- Örgjörfi: 234 MHz RISC
- Upplausn: 1200x1200 dpi
- Tungumál: Host-based printing
- Sparnaðarstilling: 50% duftsparnaður
- Mánaðarnotkun: 5.000 bls.
- Innbakki: 150 bls. + 1 bls. forgangsbakki
- Útbakki: 100 bls.
- Tengir: USB

NYTT

16.900,-

Office 1 Superstore

Afgreiðslutímar verslana!
 Office 1 Smáralind
 Virka daga frá 11-19, laugardaga 11-18, sunnudaga 13-18
 Office 1 Skeifunni 17
 Virka daga frá 9-18, laugardaga frá 11-16,
 Office 1 Akureyri
 Office 1 Eflisstöðum
 Virka daga frá 11-18, laugardaga frá 11-14

STUÐ MILLI STRÍÐA : En er það ekki erfitt?

SÓLEY KALDAL AGNÚAST ÚT Í NIÐURBRJÓTANDI HUGARFAR.



MYND: HELGI SIGURSSON

Dóttir konur séu ekki lengur fangar heimilanna og geti valið sér leið í lífinu eru þær ekki enn lausar úr viðjum karlaveldisins. Sem kona í raungreinum, þá hef ég kynnst því. Ég fékk frábært uppeldi þar sem foreldrar mínir voru duglegir að hvetja mig áfram og hrósa mér fyrir það sem vel var gert. Af þessum sökum öðlaðist ég gott sjálfstraust og trúði því að ég gæti gert allt. Mottóið mitt var „ef einhver annar getur gert þetta, þá get ég gert það eins vel eða betur“.

Ég tók fyrst eftir þessu þegar ég valdi mér stærðfræðibraut í menntaskóla. Þá voru skilaboð samfélagsins þau að raungreinar ættu betur við stráka. „Strákar eru áráðnari, strákar eru klárari“ var alltaf undirliggjandi. Ég gerði mitt besta til að afsanna þetta og tel mig og aðrar skólasystur mínar hafa gert það. Samt sem áður eigum við langt í land. Til dæmis þá

legg ég nú stund á eðlisfræði við HI og þegar ég segi fólki frá því spyrja flestir: „En er það ekki erfitt?“

Ég veit að fólk meinar ekkert illt en karlkynsfélagar mínir í náminu kannast ekki við að fá þessa spurningu svo oft.

Mér finnst þetta ómeðvitaða niðurbrot þungur baggi. Ég verð að hafa mig alla við til að fara ekki að trúa þessu sjálf og ég skamma sjálfa mig í hljóði þegar það kemur mér á óvart að fá betri einkunn en strákarnir.

Ég vona að hugarfar fólks breytist en svo lengi sem það er svona verð ég bara að reyna að nýta þetta á jákvæðan hátt til að efla baráttuviljann. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



grennri

Fæðubótarefni

Persónuleg ráðgjöf varðandi mataræði og hreyfingu.

LOW CARB tilbúinn drykkur Kr. 295,-

MULTIPOWER BODY FITNESS SHAKE 15 skammtar Kr. 1.795,-

FAT BURNER mánaðarskammtur Kr. 1.995,-

Eitt mesta úrval landsins af fæðubótarefnum - Áratuga reynsla allt fyrir kroppinn

HREYSTI
 Skeifunni 19 - S. 568 1717
 Opíð kl. 10-18 - Laugardaga 11-15
 netverslun: www.hreysti.is



Hlæjum saman

Edda Björgvins og Helga Braga halda tvö sjálfsstyrkingar- og gleðinámsskið fyrir konur í Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði þann 6. til 10. júlí og 11. til 15. júlí.

Skráning og nánari upplýsingar eru í síma Heilsustofnunar 483 0300 eða á netinu beidnir@hnlf.is. Frekari upplýsingar er að finna á www.hnlf.is eða www.kvennaferdir.is



Sænski sirkusinn Cirkus Cirkör með sýningar á Íslandi:

Samspil lista og vísinda

Sænski nútímasirkusinn Cirkus Cirkör heldur sýningu sem ber heitið 99% unknown á stóra sviði Borgarleikhússins klukkan 20:00 í kvöld. Sirkusinn verður með fjórar sýningar hér á landi í vikunni. Hópurinn sem stofnaður var í Stokkhólmi fyrir tíu árum síðan hefur það að leiðarljósi að breyta heiminum með list, leik og menntun. Sirkusinn kom hingað til lands árið 1990 og hélt sýningu fyrir fullri Laugardalshöll.

„Vísindamenn við Háskóla-sjúkrahúsið Karólínska Institutet í Stokkhólmi komu til okkar og sögðu við okkur að þeir vildu vinna með okkur. Þeir lögðu okkur til þekkingu sína og spurðu okkur hvernig hægt væri að koma þessari þekkingu til breiðari áhorfendahóps. Í staðinn fyrir að birta þekkingu sína í læknatímariti þá gera þeir það í samvinnu við okkur en auðvitað er þetta fyrst og fremst skemmtiatriði þar sem þemað er mannlíkamin,“ segir Max Dager, alþjóð-



legur framkvæmdastjóri Cirkus Cirkör.

Í sýningunni er blandað sam-an fjölleikahúsi, óperu, söngleik, dansi, leikhúsi og sirkusbrögðum. Sýningin ber nafn sitt af því að einungis eitt prósent mannlíkamans er þekkt og vilja þeir sem að henni standa rannsaka líkama mannsins með því láta hann gera hluti sem virðast vera ómöglegir.

Tíde Björnfors er leikstjóri sýningarinnar, sem frumsýnd var í Þýskalandi árið 2004. Danshöfundur er Kajsa Giertz. Þrjú tónlistarmenn og ný sirkuslistamenn taka þátt í sýningunni sem tekur einn og hálfan tíma í flutningi. ■

CIRKUS CIRKÖR í sýningunni 99% unknown mætast nútímasirkus og læknávisindi en uppgötvanir læknávisindanna eru stöðugt að breyta því hvernig við hugsum og sjáum okkur sjálf sem manneskur, segir í tilkynningu frá aðstandendum sýningarinnar.

Fimmta keltteska-norræna-baltteska þjóðsagnaþingið:

Veggjakrot er þjóðfræði

Fimmta keltteska-norræna-baltteska þjóðsagnaþingið verður haldið hér á landi í Norræna húsinu og Odda dagana 15. til 18. júní. Í til efni af ráðstefnunni verður efnt til ljóðakvölds klukkan 20 í Norræna húsinu í kvöld þar sem Daithí Ó Hógáin, Bent af Klintberg og Sigurður Pálsson munu lesa upp úr verkum sínum.

„Við erum að skoða menningarleg tengsl á milli Norðurlandanna, Eystrasaltslandanna og landanna á Bretlandseyjum með því að skoða þjóðsögur þeirra. Það er sams konar þjóðsögur í öllum þessum löndum. Hvert land hefur sínar sögur en einnig eru svo kallaðar flökkusagnir sem eru sögur eins og Djákninn á Myrká sem margir halda að sé séríslensk en er það í rauninni ekki, og sögur af galdramönnum og nykrum,“ segir Terry Gunnell, prófessor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, sem er einn af skipuleggjendum ráðstefnunnar.

Terry segir að ráðstefnan sé



TERRY GUNNELL Stendur fyrir þjóðsagnaþinginu sem hefst í kvöld með ljóðaupplestri í Norræna húsinu kl. 20 þar sem Daithí Ó Hógáin, Bent af Klintberg og Sigurður Pálsson munu lesa upp úr verkum sínum.

haldin hér á landi því í ár eru 25 ár síðan byrjað var að kenna þjóðfræði við Háskóla Íslands og það er ekki fyrir en nú sem fyrst er byrjað að bjóða upp á 90 eininga nám í þjóðfræði og í fyrsta skipti sem tveir kennarar eru við þjóðfræðiskor.

„Við erum alltaf að reyna að undirstrika að þjóðfræði snýst ekki bara um hið gamla heldur líka nútímann því ýmislegt í nútímanum er þjóðfræði,“ segir Terry og nefnir veggjakrot í því samhengi.

Ráðstefnan verður opin almenningsi svo lengi sem húsrúm leyfir. ■

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

11 12 13 14 15 16 17

Þriðjudagur

TÓNLEIKAR

20.00 **CAPUT** hópurinn flytur þrjú tónverk eftir Áskel Másson í Salnum, Kópavogi. Einleikari verður hinn frábæri danski túbuleikari Jens Björn-Larsen. Aðgangur er ókeypis meðan húsrúm leyfir.

LEIKLIST

20.00 Sænski nútímasirkusinn **Cirkus Cirkör** flytur sýninguna **99% Unknown** í Borgarleikhúsinu.

SKEMMTANIR

20.00 Ljóðakvöld í Norræna húsinu í tengslum við 5. keltteska-norræna-baltteska þjóðsagnaþingið sem fram fer í húsinu dagana 15-18. júní. **Daithí Ó Hógáin** frá Írlandi, **Bengt af Klintberg** frá Svíþjóð og **Sigurður Pálsson** koma fram og lesa úr verkum sínum.

FYRIRLESTRAR

17.00 í fyrirlestrarsal Íslenskrar erfðagreiningar heldur **Dr. Catharine Lord**, fyrirlestur um meðferðarúrræði við einhverfu. Fyrirlesturinn sem fluttur verður á ensku er einkum ætlaður aðstandendum einhverfa en er öllum opin.

SÝNINGAR

15.00 **Óskar Teóðórsson** opnar myndlistarsýningu á Landspítala, Kleppi, Dagdeild. Á sýningunni eru oliupastel myndir. Sýningin stendur til 30. júní og er öllum opin.

BJARTIR DAGAR

19.30 **Stuttmyndakvöld** verður í Gamla bókasafninu við Mjósund.

20.00 **Nemendur Listdanskóla Hafnarfjarðar** sýna í húsnæði Hafnarfjarðarleikhússins, Strandgötu 50.

20.00 **Dýragarðssaga** í uppsetningu Leikfélags Hafnarfjarðar í Gamla Lækjarskóla.

Nýtt alfræðirit um kynlíf

Sóley S. Bender dósent við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands afhenti Sigrúnu Klöru Hannesdóttur landsbókarverði fjöggurra binda fjölþjóða alfræðirit um kynlíf, The International Encyclopedia of Sexuality, til afnota á Þjóðarbókhöfðu Íslands. Verkið, sem kom út árið 2004, er endurbætt útgáfa eldri verks sem kom út í New York á árunum 1997-2001. Í verkinu fjalla sérfræðingar frá nokkrum löndum um viðhorf til kynlífs, kynhegðun, kynheigð, kynfræðslu og fleira.

Í fjórða bindi verksins er að finna framlag frá 17 löndum og var Ísland eitt þeirra. Sóley er ritstjóri íslenska kaflans og eru þau Þorvaldur og Sigrún höfundar að efni í kaflanum.



ALFRÆÐIRIT UM KYNLÍF Þorvaldur Kristinsson fyrrverandi formaður Samtakanna 78, Sigrún Júlísdóttir, Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókarverður og Sóley Bender þegar bókin var afhent til afnota á Þjóðarbókhöfðunni.

Verkið hefur fengið góðar viðtökur meðal fagfólks og fræðimanna. ■

Glæsileg uppfærsla af vinsælustu rokkóperu allra tíma

SUPERSTAR

Sýning Leikfélags Hornafjarðar sem sló í gegn í vetur er komin í bæinn. Aðeins tvær sýningar í Reykjavík.

- Laugardag 18. júní kl 20
- Sunnudag 19. júní kl 20

Tryggðu þér miða strax - takmarkað sætaframboð!

Loft KASTALINN
552 3000
loftkastalinn.is

DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING

BARNAFATNAÐUR

frábært úrval

galleri sautján
laugavegi 91 s. 511 1717 www.ntc.is

AÐRIR ÚTSÖLUSTADIR:
Reykjavík: Róbert Bangsi, Rollingarnir Akureyri: Galleri Akranes: Ozone Egilsstaðir: Sentrum Neskaupstaður: Ljósálfar

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

KALLI Á PAKINU

e. Astrid Lindgren
Í samstarfi við Á þakinu
Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14,
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14,
Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14, Lau 13/8 kl 14
Sun 14/8 kl 14

STÓRA SVIÐ

99% UNKNOWN - Sirkussýning

CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ
Þri 14/6 kl 20,
Mi 15/6 kl 20,
Fí 16/6 kl 20,
Fö 17/6 kl 20 **Aðeins þessar sýningar**

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Þri 14/6 kl 20 - Styrktarsýning,
Fí 16/6 kl 20,
Lau 18/6 kl 20,
Su 19/6 kl 20

Síðustu sýningar

Míðasölusími 568 8000
midasala@borgarleikhus.is
Míðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Míðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20
miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag

Sögurnar endalaus

Fræga fólkið fer ótroðnar slóðir í ástarmálum sínum. Það notar ástina í markaðsskyni og til þess að neita orðrómi um samkynhneigð. Freyr Gíga Gunnarsson skoðaði tvö pör sem hafa beitt samböndum sínum á ólíkan hátt.

Það hefur ekki verið hægt að þverfóta fyrir fréttum af Angelinu Jolie, Brad Pitt, Tom Cruise og Katie Holmes. Pitt og Jolie hafa að undanfögnu hótað lögsóknum á báða bóga ef einhver blaðamaður dirfist að spyrja þau út í einkalíf sitt. Tom Cruise og Katie Holmes vilja hins vegar ekki gera neitt annað en tala um sína ást.



PAR ÁRSINS Tom Cruise og Katie Holmes eru tvímælalaust par ársins í Hollywood. Þau virðast vera ástfangnari með hverjum degi sem líður þrátt fyrir orðrómi um að sambandið sé ekkert annað en auglýsingabrella



TOM CRUISE Gekkk af göflunum í þætti Oprah Winfrey. Hann fór síðar í þátt Jay Leno og bar af sér allar sögur um geðveiki.

Jolie hjónadjöfull?

Sögurnar af Angelinu og Brad eru ekkert nýjar af nálinni. Þegar tilkynnt var að þau væru að fara að leika saman í myndinni Mr. & Mrs. Smith fóru kjaftasögurnar strax af stað. Erfiðleikar höfðu verið í hjónabandi þeirra Brads og Jennifer Aniston þar sem Brad vildi fjölskyldu en Jennifer ætlaði að einbeita sér að frama sínum í kvikmyndum. Brad var ekki sáttur og öllum var ljóst að gullhjónabandið hékk á bláþræði. Á sama tíma var Jolie að gera mikið grín að því að Colin Farrell væri alltaf að reyna

við hana. Þau léku þá saman í Alexander.

Af tókustað Mr. & Mrs. Smith bárust fregnir af því að Brad og Angelina væru orðin mjög nán. Angelina á soninn Maddox og Brad þráir víst ekkert heitar en að verða pabbi. Undir lokin sveif sú kjaftasaga að Jennifer hefði komið að eiginmanni sínum í „heitum samræðum“ við Angelinu. Þau skildu eftir tæplega fimm ára hjónaband í mars. Aniston hefur ekkert tjáð sig um samband Brads og Angelinu. Vafalaust vill hún ekki fórna kvikmyndafæri sínum vegna þess að Jolie er jú mun stærra nafn en Aniston og ekki ráðlegt að eiga hana sem óvildarmann.

Markaðsbrella


Árið hefur hjá paparazzi-ljósmyndurum snúist um að ná þeim saman og það tókst loks í enda apríl. Þá hafði Jennifer Aniston nýlega lýst því yfir að hún saknaði Brad síns. Myndin af þeim fór eins og eldur um sinu en Brad og Jolie voru þögul sem gröfin. Það ýtti enn frekar undir þær kjaftasögur að þau væru saman. Þegar taka átti kynningamyndir fyrir Mr. & Mrs. Smith barst frétt af því að þau hefðu pantað sér hótélherbergi saman.

Það var ekki fyrr en þau þurftu að fara í kynningarviðtöl að allar gáttir opnuðust. Þau hótuðu blaðamönnum lögsókn ef þeir spyrðu persónulegra spurninga. Á rauða dreglinum forðuðust þau hvort annað.

Sérfræðingar í kvikmyndum eru sammála um að allt þetta fár hafi verið skipulagt í þaula. Brad og Jolie hafi með þessu móti búið til mikla eftirvæntingu eftir Mr. & Mrs. Smith og það sannaðist heldur betur á frumsýningardaginn. Myndin halaði inn 51 milljón dala á sinni fyrstu sýningarhelgi. Kvikmyndasérfræðingar eru þess fullvissir að þetta sé einhver best heppnaðasta markaðsbrella ársins. Jolie og Pitt létu síðan taka myndir af sér sem hjón í tímaritinu W. sem sýnir að þau hafi haft gaman af því að leika þennan leik.

Óvæntasta par ársins

Ef eitthvað hefði getað skyggt á Brad Pitt og Angelinu Jolie var það ástarlíf Tom Cruise. Hjóna-



Pitt og Jolie Hvort ástarfúningur úr myndinni hefur skilað sér frá tókustað og yfir í raunveruleikann er ekki gott að segja. Sumir kalla farið í kringum þau bestu markaðsbrellu ársins.

band hans og Nicole Kidman var eitt það traustasta í Englaborginni en þau slitu samverum öllum að óvörum fyrir fjórum árum síðan. Þá fór gamall orðrómur af stað um að Cruise væri samkynhneigður en hann bar af sér allar slíkar sögur.

Í byrjun maímánaðar birtist hann með leikkonuna ungu Katie Holmes upp á arminn í Róm. Heimurinn stóð á öndinni þar sem þetta var alls ekki viðbúið. Katie hafði nýlega slitið trúlofun sinni og Chris Klein en Tom Cruise var hættur með Penelope Cruz.

Cruise og Holmes eru sennilega eitt óvæntasta par Hollywood síðan Julia Roberts giftist Lyle Lovett. Hann er ein stærsta stjarnan í Hollywood en Katie hefur hægt og bítandi verið að klifra upp frægðarstigann.

Ekkert var alveg á hreinu hvernig þau tvö kynntust en þegar þau birtust í Róm sögðust þau vera „ástfangin“ og höfðu þá verið saman í tvær vikur.

Ég elska hann

Nýlega fór svo eitthvað að hrikta í heilabúi Tom Cruise. Hann birtist í þætti Oprah Winfrey þar sem hann stökk upp á sófa, baðaði út höndunum og lýsti yfir einskærri ást sinni á Katie Holmes. Hann kom síðan fram í þætti Jay Leno og sagðist „kannski“ hafa misst stjórn á sér. „Ég geri bara brjálada hluti þegar ég hugsa um hana,“ sagði Cruise.

Katie hefur hins vegar sókk sér ofan í Vísindakirkjuna sem á hug Cruise allan. Hún talar ekki lengur við þá vini sína sem ekki eru í söfnuðinum. Tom hefur enn fremur ráðlagt henni að taka ekki að sér hlutverk þar sem hún er einhvers konar fíkill. Ofan á þetta allt saman komu heimildarmenn fram og sögðu þetta samband vera markaðsbrellu. Samband þeirra væri auglýsing fyrir væntanlegar myndir þeirra beggja en Cruise leikur í stórmyndinni War of the Worlds en Holmes í Batman Begins. Sögusagnirnar urðu það háværar að Katie sá sér ekki annað fært en segja þetta vera rætni og tóma lygi. „Ég elska hann,“ sagði hún af sannfæringu. ■



MR. & MRS. SMITH Þau hafa ekki viljað láta mynda sig saman þegar þau hafa mætt á frumsýningar nýjstu mynda sinnar, Mr. & Mrs. Smith.

Húsið þitt á aðeins skilið það besta

Rétta útimálningin

sérstæðin fyrir íslenskar aðstæður



Steinvari 2000

- besta mögulega vörn fyrir húsið
- yfirburðamálning fyrir íslenskar aðstæður
- verndar steypuna fyrir slagregni
- flagnar ekki og hefur frábært veðrunarþol



Steinakrýl

- mjög góð viðloðun, gott rakagegnstreymi og mikið veðrunarþol

Kópal Steintex

- frábært á múr og steinsteypa fleti þar sem krafist er mikils veðrunarþols



Nýtt útilitakort á næsta sölustað

Við erum sérfræðingar í útimálningu

Áratugarannsóknir á steinsteypu og áhrifaþáttum yfirborðsmeðhöndlunar og strangar prófanir með hliðsjón af séríslenskum aðstæðum og álagþáttum hafa verið grundvöllur að vörupróun og gefið málningu frá okkur sérstöðu á íslenskum markaði.

